SKÍÐABLAÐIÐ

SKIÐAVIKAN
2007 ISAFIRÐI

FJÖLSKYLDUVÆN ÍÞRÓTT

Rætt við hjónin Gunnar Arnórsson og Sigurborgu Þorkelsdóttur

HÉR SNÝST ALLT UM SKÍDI

Rætt við Sigurjón Hallgrímsson, nemanda við NTG í Geilo

PÚKAMÓT GLITNIS

DAGBÓK FRÁ AUSTURRÍKI

Sagt frá æfingarferð skíðabarna og foreldra til Schladming í Austurríki

Margrét Halldórsdóttir, formaður Skíðafélags Ísfirðinga

FORVARNARGILID ÍÞRÓTTA OG ÚTIVISTAR

Ágæti lesandi. Ég hugsa oft um það hversu heppin ég var að alast upp hér vestra, í nálægð við sjóinn, fjöllin og alla þá náttúrufegurð sem svæðið hefur upp á að bjóða. Snjór á veturna og sól á sumrin, maður gat gengið nokkuð að þessu vísu. Alltaf hafði maður nóg fyrir stafni og var skíðaiðkun mikil á veturna auk þess að grafa hús og göng gegnum flesta skafla í byggð. Ég tel mig ennfremur heppna að búa hér enn og fá að ala mín börn hér upp.

Þegar maður hugsar um velferð barna leitar maður auðvitað í eigin reynsluheim. Hvað gerði mér gott? Hvað var það meðal annars sem mótaði mig? Hvar þroskaði ég sjálfsaga? Hvar lærði ég að setja mér markmið og vinna að þeim? Hvar lærði ég að sigra og taka tapi? Alltaf skal það sama koma upp í kollinn: íþróttir og útivist. Ég er svo lánsöm að eiga foreldra sem studdu og hvött okkur systkinin til að stunda íþróttir og útivist af öllu tagi. Foreldrar þurfa að gera meira en borga æfingagjöldin ef þeir vilja að börnin haldist í íþróttum. Það þarf að hjálpa til við að muna eftir æfingunum, að búnaður og fatnaður sé klár, hvetja þótt illa gangi, fylgjast með og spyrja frétta, kíkja á æfingu og taka þátt þegar uppákomur eru.

Mikið og gott félagsstarf

Við Ísfirðingar erum heppin að hafa skíðasvæðin hér við dyrnar hjá okkur og ættum að notfæra okkur það. Þótt ekki sé lengur hægt að ganga að því sem vísu að það snjói á veturna hefur þessi vetur verið mjög góður og mikið opið á svæðunum. Skíðafélag Ísfirðinga heldur úti æfingum fyrir börn og unglinga sem vilja stunda snjóbretti, gönguskíði og svigskíði. Þá hefur félagið einnig boðið upp á nokkur námskeið fyrir byrjendur og aðeins lengra komna. Mikið og gott félagsstarf er einnig hjá félaginu og tökum við endalaust á móti nýjum félögum.

Líf og fjör hjá gönguskíðakrökkum á Seljalandsdal.

Ísafjörður áfram skíðabær

Ég, sem formaður Skíðafélags Ísfirðinga, á þá ósk heitasta að Ísafjörður haldi áfram að vera skíðabær og samkomustaður barna og unglinga sé á dölunum tveimur, hvort heldur er við skipulagðar æfingar eða við að reyna eigin getu og þor í góðra vina hópi og frábæru lofti. Ég vil að endingu bjóða alla velkomna á Skíðaviku og megið þið njóta alls þess sem hún hefur upp á að bjóða.

Margrét Halldórsdóttir,
formaður Skíðafélags Ísfirðinga

SKÍÐAFÉLAG ÍSFIRÐINGA

SKÍÐABLAÐIÐ 2007

Útgefandi: Skíðafélag Ísfirðinga
Ábyrgðarmaður: Margrét Halldórsdóttir
Ritstjóri: Sólrún Geirsdóttir
Forsíðumynd: Friðgerður G. Ómarsdóttir
Hönnun: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir
Prentvinnsla: H-prent, Ísafirði

Heimasíða: www.snjor.is

Stjórn Skíðafélags Ísfirðinga:
Margrét Halldórsdóttir, formaður
Guðmundur Jens Jóhannsson, varaformaður
Friðgerður G. Ómarsdóttir, gjaldkeri
Sólrún Geirsdóttir, ritari
Fjóla Bjarnadóttir, meðstjórnandi
Jóhann Bæring Gunnarsson, varamaður
Víðir Ólafsson, varamaður

SKIÐAVIKAN 2007 ISAFIRÐI

Framkvæmdastjóri Skíðvikunnar:
Sigríður Kristjánsdóttir
Heimasíða: www.skidavikan.is

Geir Sigurðsson fararstjóri og Kristján Flosason þjálfari ásamt ísfirsku krökkunum, og fleirum, við skíðamiðstöðina í Geilo.

Á annan í jólum 2006 hélt hópur svigskíðakrakka frá Skíðafélagi Ísfirðinga af stað í æfingarferð til Noregs. Alls voru þetta sjö krakkar, 13 ára og eldri, sem dvöldu yfir áramótin í skíðabænum Geilo og æfðu þar alpagreinar við bestu aðstæður. Hópurinn varð hins vegar fyrir alvarlegu áfalli þegar einn úr honum lenti í alvarlegu slysi og setti það mark sitt á ferðina.

SKÍÐAFERÐ TIL GEILO Í NOREGI

Þessi skíðaferð hófst á annan í jólum 2006 þegar við, sjö alpagreinakrakkar 13 ára og eldri, Kiddi þjálfari og Geir fararstjóri fórum fljúgandi til Reykjavíkur og keyrðum síðan til Keflavíkur með dótið á opinni kerru. Ákveðnar manneskjur voru mjög áhyggjufullar yfir því að töskurnar myndu fjúka af og voru megnið af tímanum að horfa á farangurinn. En á endanum reyndust allar töskurnar vera á sínum stað á kerrunni, bara drullugar og blautar. Þegar við komum til Keflavíkur höfðum við gjörsamlega ekkert að gera og endaði það á því að stelpurnar sofnuðu allar í sama rúminu en strákarnir fóru í bíó.

Daginn eftir vöknuðum við snemma og flugum til Osló, en þar tók við nokkur bið þar sem bílstjórinn, sem átti að sækja okkur, misskildi okkur. Svo loksins kom einhver að sækja okkur en í staðinn fyrir að vera þrjá tíma á leiðinni vorum við næstum því fimm því bílstjórinn villt-

Gaman saman í skíðalyftu.

Hópurinn mættur á skíðaæfingu.

ist tvisvar sinnum á leiðinni. Loksins komum við til Geilo. Íbúðirnar sem við vorum í í Geilolia voru mjög flottar, með uppþvottavél, flatskjá og öllu. Eini gallinn var að eitt herbergið var á stærð við fataskáp og var varla hægt að mætast í herberginu. Á neðstu hæðinni á hótelinu voru sturtur, gufubað, borðtennis og billjard, en ljósabekkirnir virkuðu ekki. Á hverju kvöldi borðuðum við á Ro Kro og var maturinn þar mjög góður, þó það hafi ekki allir verið hrifnir af grænmetinu.

Fyrsta morguninn vöknuðum við snemma, smurðum okkur nesti og tókum rútuna upp í fjall. Þessi dagur fór mest í frjálsa skíðun og tækniæfingar. Þegar við komum aftur á hótelið tók við útihlaup, teygjur, gufubað, sturta og kvöldmatur.

Næsta dag löbbuðum við upp á hitt skíðasvæðið og vorum þar á stórsvigsæfingu með krökkum úr Breiðabliki og Víkingi. Svo þegar heim kom tók við sama rútínan og daginn áður.

Skíðasvæðið í Geilo.

Þann 30. desember fórum við eins og venjulega eldsnemma upp í fjall á æfingu með hinum Íslendingunum í frekar lélegu skyggni. Við byrjuðum á frjálsri skíðun og í þriðju ferð gerðist óhapp sem flestir hafa örugglega heyrt um. Arna Sigríður datt og slasaðist alvarlega. Þetta óhapp tók mikið á okkur en við reyndum að halda okkar striki með hugann hjá Örnu. Hinir Íslendingarnir sem voru þarna studdu líka vel við bakið á okkur.

Gamlársdagur byrjaði rólega en við tókum skoðunarferð um skíðasvæðið og hættum snemma. Þegar við komum heim fórum við að kaupa flugelda og var keyptur dágóður slatti. Síðan fórum við í sturtu og höfðum okkur til fyrir kvöldið. En kvöldið byrjaði á fjögurra rétta máltíð á Ro Kro og eftir það fórum við til hinna Íslendinganna og héldum upp á áramótin með flugeldum og nammi.

Dagarnir sem eftir voru urðu mjög misjafnir en við reyndum okkar besta til að ná sem mestum árangri út úr æfingunum. Á kvöldin vorum við oftast saman að poppa, borða ís, spjalla og horfa á myndir, en eitt kvöldið fórum við í keilu á Dr. Holms hótelinu.

Á heimferðardeginum vöknuðum við eldsnemma, kláruðum að þrífa og vorum tilbúin á tilsettum tíma. En bílstjórinn var ekki á sama máli og kom klukkutíma of seint, en það skipti litlu máli þar sem við vorum tæplega þrjá tíma á leiðinni til Osló. Þaðan flugum við svo til Íslands og vorum lent á Keflavíkurflugvelli seinni part dagsins. Frá Keflavík keyrðum við á Landspítalann þar sem við töluðum við Rúdolf, geðhjúkrunarfræðing og hittum síðan loksins Örnu, en hún kom til landsins daginn áður.

Þessi ferð fór öðruvísi en áætlað var í fyrstu, slysið setti strik í reikninginn en við reyndum eftir fremsta megni að halda okkar striki. Þrátt fyrir allt finnst okkur þessi ferð hafa þjappað hópnum enn meira saman.

Anna María, Brynhildur, Elín, Gauti, Loftur Gísli og Ólafur Njáll.

Gauti, Kiddi þjálfari, Ólafur Njáll, Loftur Gísli, Anna María, Brynhildur og Elín.

Gámaþjónusta Vestfjarða

Umhverfið er framtíðin, gættu þess vel

Leigjum út sorpgáma & salerni

Gámaþjónusta Vestfjarða
Sími: 456 3710 • Gsm: 892 0660
Netfang: ragnar@gamarvest.is • Veffang: www.gamarvest.is

BÍLATANGI HF.
ÍSAFIRÐI

VOR Í LOFTI

Bifreiðaeigendur!
Látið yfirfara bílinn fyrir ferðalögin

TOYOTA

Þekking - Gæði - Þjónusta

Atvinna
Bifvélavirkja vantar á verkstæði okkar
Framtíðarstarf
Gott vinnuumhverfi

Eins og fram kemur í hér fyrr í blaðinu, þá lenti ung ísfirsk skíðastúlka, Arna Sigríður Albertsdóttir, í alvarlegu slysi við æfingar í Geilo í Noregi um síðustu áramót. Hún fór út fyrir brautina í slæmu skyggni og lenti á tré. Við það brotnuðu mörg bein, m.a. þrír hryggjarliðir og mænan fór í sundur með þeim afleiðingum að Arna Sigríður er lömuð fyrir neðan brjóst. Hún byrjaði mjög fljótlega í endurhæfingu á Grensás en vegna innvortis meiðsla veiktist hún og þurfti að leggjast aftur inn á Barnaspítala Hringsins. Hún fór síðan aftur á Grensás þegar vika var liðin af febrúar og þar verður hún næstu mánuði en þegar þetta blað kemur út verður hún vonandi heima í páskafríi. Arna Sigríður tók vel í það að svara nokkrum spurningum Skíðablaðsins.

Arna Sigríður ásamt vinum sínum sem heimsóttu hana á barnaspítala Hringsins og færðu henni nýja fartölvu.

VERÐ HEIMA UM PÁSKANA

segir Arna Sigríður Albertsdóttir og hlakkar til að fara á „Aldrei fór ég suður" og hitta vini sína.

Það kom fram í útvarpsviðtali við Örnu Sigríði um daginn að hún hefði orðið vör við það strax í brekkunni eftir slysið að hún fyndi ekki fyrir fótunum. Gerði hún sér þá grein fyrir því hve alvarlegt þetta var? „Ég gerði mér alls ekki grein fyrir því strax, ég varð bara hrædd og hugsaði kannski ekkert ofboðslega rökrétt."

Hvernig gengur í endurhæfingunni? Hvað ertu helst að æfa? Út á hvað gengur lífið hjá þér svona dags daglega? Hvernig er með framfarir? „Mér gengur bara ágætlega, ég er mest að æfa styrkinn í höndunum og jafnvægið o.s.frv. Ég er í æfingum tvisvar á dag í klukkutíma í senn, en lífið gengur samt lang mest út á æfingarnar hérna. Núna ég er alveg í frí um helgar en ég var það ekki fyrst. Ég sé ekkert rosalega miklar framfarir en þó ef ég hugsa langt aftur í tímann sér maður alltaf smá framfarir."

Veistu hvað þú þarft að vera lengi á Grensás? „Í fyrstu voru nefndir 4–6 mánuðir sem þýðir að sennilega komi ég heim einhvern tímann í júní eða júlí."

Geturðu eitthvað sinnt náminu? Hvað með næsta vetur, hvernig sérðu það fyrir þér í tengslum við námið? „Ég er í tveimur fögum í fjarnámi við Menntaskólann heima, tek ef til vill einhver fög í sumar en síðan ætla ég að halda áfram á næstu önn og verð þá komin heim."

Þú segir á blogginu þínu að þú vonist til að komast heim um páskana. Á hverju veltur það, þarftu t.d. að vera búin að ná einhverjum ákveðnum áfanga í þjálfuninni? Nei, það er alveg komið á hreint að ég fer heim um páskana. Ég þarf kannski að vera eitthvað á sjúkrahúsinu heima en heim fer ég!

Hvað ætlarðu að gera í páskafríinu? Heldurðu að þú fáir nokkurn frið fyrir heimsóknum? „Ég ætla að fara á „Aldrei fór ég suður", njóta þess að vera heima og hitta vini og kunningja. Það eiga örugglega margir eftir að koma í heimsókn en það er bara gaman."

Það er ljóst af blogginu að þú átt ótal vini og flestir Ísfirðingar og margir fleiri hugsa stöðugt til þín. Finnurðu fyrir þessum straumum? „Það hjálpar manni bara ótrúlega mikið að finna að maður er ekki einn og að allir vilji allt fyrir mann gera, þetta finnst mér einn af mörgum kostum við að búa í litlu samfélagi eins og á Ísafirði."

Heldurðu að þú eigir eftir að fara aftur á skíði? „Ég vona það af öllu hjarta, ég sakna þess gífurlega mikið. Það verður skrýtið að fara ekki á skíði um páskana því það hef ég gert alveg síðan ég man eftir mér og rosalega skrýtið að sjá skíðin mín bara liggjandi heima."

Viltu segja eitthvað að lokum? „Ég vil bara þakka fyrir mig :)"

Skíðablaðið þakkar Örnu Sigríði fyrir viðtalið og óskar henni alls hins besta í framtíðinni. Það er ekki annað hægt en að dást að dugnaði hennar og jákvæðni. Það á ábyggilega sinn þátt í framförunum sem hún tekur, þótt stundum finnist henni ganga hægt. - Gangi þér allt í haginn, Arna okkar allra!

ORKUBÚ VESTFJARÐA
Sími 450 3211
www.ov.is

lev LÖGGILTIR ENDURSKOÐENDUR VESTFJÖRÐUM EHF.
Aðalstræti 24, 400 Ísafirði • Sími 456 4066

MJÓLKURVÖRUR Í SÉRFLOKKI

SJÓVÁ
Við Silfurtorg, 400 Ísafirði • Sími 440 2430, Fax 440 2435

Festing ehf.
Sími: 895 0474
895 0475
895 0485
Bildshöfða 14, 110 Reykjavík

FASTEIGNASALA VESTFJARÐA
Tryggvi Guðmundsson hdl.
Guðmundur Óli Tryggvason lögg. fasteignasali
Hafnarstræti 19, Ísafirði • S: 456 3244, eignir@fsv.is

Hárkompaní

PÓKAMÓT GLITNIS

Skíðamót haldið á Ísafirði dagana 24.–25. febrúar 2007 fyrir 12 ára og yngri börn

Síðastliðið haust fæddist sú hugmynd innan stjórnar Skíðafélags Ísfirðinga að ráðast í að koma á stórmóti fyrir börn 12 ára og yngri. Strax var ákveðið að þetta mót yrði opið öllum skíðabörnum á landinu og keppt yrði í göngu, alpagreinum og jafnvel á snjóbrettum.

Ekki var kannski við því að búast að strax fyrsta árið kæmu margir aðkomukeppendur, svona mót þarf auðvitað að kynna mjög vel og það þarf jafnvel að sanna sig aðeins áður en fólk fjölmennir í slíka langferð; alla leið til Ísafjarðar. En fljótlega í aðdraganda mótsins lá ljóst fyrir að Akureyringar hygðust koma vestur með myndarlegan hóp, sem og Hólmvíkingar. Auk þeirra kom reytingur úr Reykjavík, einkum börn sem eiga ættartengsl hingað vestur.

Mikil spenna var í loftinu, hjá keppendum og aðstandendum: yrði nægur snjór, yrði veður ákjósanlegt o.s.frv.

Loks rann stóri dagurinn, eða stóra helgin, upp. Dagana 24. – 25. febrúar var Púkamót Glitnis haldið í fyrsta sinn. Um 140 keppendur voru skráðir til leiks. Veðurguðirnir héldu aðstandendum í spennu fram á síðustu stundu, ekkert skíðaveður var frá þriðjudegi til föstudags. Akureyringarnir mættu á svæðið á fimmtudegi og hugðust nota föstudaginn til að skíða en þá var allt harðlokað vegna hvassviðris.

Á laugardegi var enn strekkingsvindur og mótinu var frestað um eina tvo tíma. Það tókst þó að klára alla þá keppni sem fyrirhuguð var. Um tíma var ansi hvasst og jafnvel nokkur skafrenningur. Keppendur létu það hins vegar ekkert á sig fá og þeystu niður brekkur og um göngubrautir og buðu veðrinu birginn. Keppnisharka skein úr mörgum andlitum en ekki síður gleði, enda var megin tilgangur mótsins að hafa það skemmtilegt saman. Í lok keppni á laugardeginum voru allir leystir út með verðlaunapeningi, einnig voru veitt verðlaun fyrir fyrstu þrjú sætin í hverjum aldursflokki.

Á laugardagskvöldið fjölmenntu keppendur og aðstandendur þeirra í íþróttahúsið Torfnesi. Þar stjórnaði Benedikt Sigurðsson, sundþjálfari og skíðapabbi fjörinu. Börn á öllum aldri, allt frá eins árs til 12 ára hlupu um allan sal, sungu og gerðu ýmsar kúnstir. Þá komu nokkrir nemendur Menntaskólans í heimsókn og sungu lög úr söngleiknum Lísu í Undralandi, sem verið er að sýna í tengslum við Sólrisuhátíð menntaskólans. Að lokum lék hljómsveitin Appolo fyrir dansi í klukkustund.

Sunnudagurinn rann upp í heldur betra veðri en fyrr. Reyndar var svalt en undir hádegi braust sólin fram úr skýjunum, viðstöddum til mikillar gleði. Fyrir vikið var enn léttara og bjartara yfir öllu seinni daginn en þann fyrri. Sem fyrr voru veitt verðlaun fyrir fyrstu þrjú sæti í öllum flokkum. Þá fengu stigameistarar bikara og allir fengu glaðning frá Glitni, bakpoka sem innihélt ýmsa hluti. Keppnisdeginum lauk með stökki á snjóbrettum. Þar voru sýnd ótrúleg tilþrif og ekki frá því að fiðringur hafi farið um foreldra í hópi áhorfenda. En allt fór þetta vel, sem betur fer.

Að keppni lokinni héldu aðkomumenn til sinna heimkynna og nú er bara að vona að þeir snúi aftur að ári og taki fleiri með sér. Púkamótið á Ísafirði er komið til að vera.

Blaðamaður Skíðablaðsins spjallaði við sjö stúlkur frá Akureyri sem allar eru 12 ára og kepptu í svigi og stórsvigi á Púkamótinu. Þær heita (talið frá vinstri á myndinni): Sonja María, Berglind Eik, Jóna Brynja, Helga Líf, Matthildur Rún, Sigrún Stella og Lilja.

AKUREYRARSKVÍSUR Á SKÍÐUM

Spjallað við sjö hressar og kátar stelpur frá Akureyri sem kepptu á Púkamótinu á Ísafirði

Aðspurðar kváðust stelpurnar hafa æft skíði í 3–6 ár, nema ein sem er nýbyrjuð. Þeim leist vel á Púkamótið, sögðu gaman að fá að fara eitthvað burt til að keppa, ekki bara vera gestgjafi á Andrésar andarleikunum. Þær sögðust vera búnar að hafa það gott og skemmtilegt. Á föstudeginum var meiningin að fara á skíði en svæðið var lokað vegna veðurs. Í staðinn kíktu þær í bæinn og í sund með jafnöldrum sínum á Ísafirði. Svo var náttúrulega keppt á laugardeginum, farið til Bolungarvíkur í sund og loks á kvöldvöku og ball í íþróttahúsinu á Torfnesi. Þær voru ekki í vafa um hvað væri skemmtilegast á Púkamótinu; nefnilega að keppa.

Langar að komast á Ólympíuleikana

Framtíðaráform þeirra eru þau að skíða, skíða og skíða. Jafnvel að komast á Ólympíuleika eftir nokkur ár. Þegar spurt var hverjir væru bestir stóð ekki á svarinu: SKA! Besti íslenski skíðamaðurinn í dag er að þeirra mati Dagný Linda Kristjánsdóttir og uppáhalds erlendi skíðamaðurinn er Bode Miller. Þær voru sammála um þetta allt.

Nammipúkar og krakkapúkar

Í lokin voru þær spurðar hvers vegna Púkamótið héti þessu nafni. Ein sagði að það væri af því að í gamla daga hafi krakkar verið kallaðir „púkar“ en blaðamaður benti þeim á að á Ísafirði tíðkaðist enn þann dag í dag að kalla krakka „púka“. Reyndar viðurkenndu þær að hafa í upphafi haldið að púkamótið sækti nafn sitt í nammipúka Nóa-Síríuss. Það er nú kannski ekki svo galin hugmynd? Nú var ekki hægt að tefja ungu stúlkurnar lengur því þær þurftu að gera sig klárar fyrir fyrri ferðina í stórsviginu. Það var reyndar ein þeirra, Jóna Brynja Birkisdóttir, sem sigraði, líkt og í sviginu daginn áður. Þess má geta að hún eins og margir fleiri gestir Púkamótsins á rætur sínar hér vestra, nánar tiltekið í Bolungarvík, þaðan sem báðir foreldrar hennar koma: Birkir Hreinsson og Svala Jónsdóttir. Birkir var efnilegur skíðamaður á sínum tíma svo stúlkan sækir skíðagenin hingað vestur.

Púkamót Glitnis 2007

FRÆNDSYSTKIN Á PÚKAMÓTI

Á myndinni hér til hliðar má sjá Hólmfríði Dóru og Hörpu Maríu Friðgeirsdætur, Jónínu Hlín og Lovísu Hansdætur og Jón Benediktsson. Þau frændsystkinin eru öll í Ármanni og kepptu í flokki átta ára og yngri. Þau eru börn Friðgeirs, Ástu og Benedikts Halldórsbarna frá Bolungarvík sem öll kepptu á skíðum á yngri árum. Sjötti frændinn: Hinrik Elís Jónsson (sonur Margrétar Halldórs) keppti í 12 ára flokki og Elín Jónsdóttir og Steinunn Friðgeirsdætur voru meðal starfsmanna mótsins. Þannig að Dóri og Steina í Bolungarvík áttu átta barnabörn á mótinu, sex keppendur og tvo starfsmenn. Gaman hjá ömmu!

Púkamót Glitnis 2007

SPJALLAÐ VIÐ GÖNGUKRAKKA

María Halldórsdóttir tók viðtöl við krakka á Púkamótinu.

Nafn: María Björg Fjölnisdóttir
Aldur: Ég er sex ára.
Hvaðan: Frá Ísafirði
Hvað hefurðu æft lengi: Ég er ekki viss, svona eitt til tvö ár.
Hvað æfirðu oft í viku? Ég æfi tvisvar í viku, mánudag og fimmtudag.
Hvernig skíði áttu? Þau eru riffluð.
Hver þjálfar þig? Þjálfararnir mínir eru Stella, Kristín og Åshild.
Er gaman á Púkamóti? Já, mjög gaman.

Nafn: Númi Leó Rósmundsson.
Aldur: Ég er átta ára.
Hvaðan: Ég kem frá Hólmavík.
Hvað hefurðu æft lengi? Svona sex ár.
Hvað æfirðu oft í viku? Þrisvar í viku; mánudaga, þriðjudaga og sunnudaga
Hvernig skíði áttu? Veit það ekki.
Hver þjálfar þig? Ragnar Bragason.
Finnst þér gaman á Púkamóti? Já.

Nafn: Katrín Ósk Einarsdóttir
Aldur: Átta ára
Hvaðan: Frá Ísafirði
Hvað hefurðu æft lengi? Síðan ég var tveggja ára.
Hvað æfirðu oft í viku? Fjórum sinnum; á mánudögum, miðvikudögum, fimmtudögum og laugardögum.
Hvernig skíði áttu? Veit ekki.
Hver þjálfar þig? Åshild Höva Sporsheim og Stella Hjaltadóttir.
Hvernig finnst þér Púkamótið? Gaman!

Nafn: Dagrún Kristinsdóttir
Aldur: Ellefu ára.
Hvaðan: Ég kem frá Hólmavík.
Hvað hefurðu æft lengi? Svona fimm ár.
Hvað æfirðu oft í viku? Þrisvar í viku; á þriðjudögum, föstudögum og sunnudögum.
Hvernig skíði áttu? Ég er ekki viss.
Hver þjálfar þig? Ragnar Bragason
Hvernig finnst þér Púkamótið?
Bara mjög skemmtilegt.

TM

Hvað ef útiljósin hefðu verið kveikt?

Við sumum spurningum fást bara engin svör.
Óhöpp henda okkur og við því er ekkert að gera.
En þú getur brugðist við strax með því að tryggja hjá tryggingarfélagi sem gefur þér skýr svör og leggur áherslu á hraðvirkan frágang tjónamála.

Það er vonlaust að ætla sér að skilja hugsunarháttinn hjá innbrotsþjófum að störfum. Það eina sem þú getur reitt þig á, ef þú verður fyrir barðinu á þeim, er að rétt trygging bætir fjárhagsskaðann.

Heimatrygging TM veitir fjölbreyttar tryggingalausnir fyrir fjölskyldur og einstaklinga, þar sem lögð er áhersla á gegnsæi tryggingannna. Hún býðst í fjórum flokkum, TM1, TM2, TM3 og TM4 sem hver um sig inniheldur ólíka tryggingavernd. Innbústrygging er hluti af þeim öllum og bætir m.a. tjón af völdum bruna, vatns og innbrots.

Dæmi um hvað Innbústrygging í Heimatryggingu TM bætir:

// Ef brotist er inn í læsta íbúð þína og hlutum stolið, færðu tjónið bætt, svo framarlega sem ummerki um innbrot séu greinileg.
// Tjón vegna bruna, eldsvoða, eldingar, sprengingar, skyndilegs sótfalls og skyndilegs sótfalls frá kynditækjum færðu bætt.
// Tjón vegna skemmda sem verða af völdum vatns eða annars vökva sem skyndilega streymir úr leiðslum hússins og tækjum tengdum þeim svo og vatnsrúmum og fiskabúrum færðu bætt.

Dæmi um hvað Innbústrygging í Heimatryggingu TM bætir ekki:

// Innbústryggingin bætir ekki tjón af völdum utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu, flóða eða snjóbráðar eða vatns sem þrýstist upp úr skolpleiðslum.
// Bætir ekki skaða sem verður af völdum glóðar vegna tóbaksreykinga eða frá eldstæði.
// Bætir ekki tjón sem verður vegna þjófnaðar á eða úr tjöldum eða tjaldvögnum.

Heimatrygging TM
TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN / Sími 515 2000 / tm@tryggingamidstodin.is

Það er góð regla að lesa vel tryggingaskilmálana, þeir eru sá grundvöllur sem samskipti þín og TM byggjast á.
Hringdu í síma **515 2000** eða farðu á **www.tryggingamidstodin.is** og fáðu skýr svör.

Skíðablaðið falaðist eftir viðtali við hjónin Sigurborgu Þorkelsdóttur og Gunnar Arnórsson af því tilefni að veturinn í vetur er sá fyrsti í 30 ár sem þau eiga ekki barn sem er að æfa skíði. „Ha, við?“ spurði Sibba, „en við erum alltof ung, er það ekki?“ Það má til sanns vegar færa að þau hjónin séu á besta aldri en því skyldi ekki mega taka viðtal við fólk í fullu fjöri, svo framarlega sem það hefur frá einhverju skemmtilegu að segja. Sibba féllst loks á að koma í viðtal þótt hún héldi að enginn nennti að lesa það. En við skulum nú bara sjá til með það.

Sigurborg, Jóhann Bæring, Hansína, Arnór og Gunnar með Guðrúnu Huldu.

FJÖLSKYLDUVÆN ÍÞRÓTT

Sólrún Geirsdóttir ræðir við hjónin Sigurborgu Þorkelsdóttur og Gunnar Arnórsson, skíðafólk.

Lítið um skíðaiðkun á Suðurnesjum

Byrjað var á að spyrja hvort þau hjónin hefðu fæðst með skíðin á fótunum eins og virðist vera raunin með börnin þeirra og barnabörnin. Ekki reyndist það vera tilfellið. Sigurborg er fædd á Snæfellsnesi en ólst upp frá sex ára aldri í Keflavík. Eðli málsins samkvæmt var lítið um skíðaiðkun á Suðurnesjunum. Hins vegar var mikill íþróttaáhugi á heimili hennar og hvöttu foreldrar hennar börnin til að stunda íþróttir og var hún einkum í handbolta og badminton. Á sautjánda ári kom Sibba vestur á Ísafjörð til að ganga í

Gunnar Arnórsson og Sigurborg Þorkelsdóttir.

húsmæðraskólann Ósk. Þar með voru örlögin ráðin, hún kynntist Gunnari Arnórssyni sem hefur verið lífsförunautur hennar síðan.

Gunnar er fæddur og uppalinn á Ísafirði. Hann vandist þó ekki skíðamennsku frá blautu barnsbeini, sjórinn og sjómennskan áttu hug hans allan. Hann eignaðist þó fyrstu skíðin 6–7 ára. Þetta voru tréskíði með gormum og klossarnir sem fylgdu voru jafnframt notaðir á skauta. Á þessum útbúnaði var stormað upp á Andrésartún en þar fóru margir Ísfirðingar á skíði á þessum árum. Þeir sem betri voru fóru þó upp í Stóruurð eða upp á Seljalandsdal. Ekki var lyfta á Andrésartúni en dráttarvél með kaðli og krókum var í Stóruurð og lyftan upp á Gullhól á Seljalandsdal kom á síðari hluta sjöunda áratugarins.

Þau hjónin eiga fjögur börn. Þau eru Arnór Þorkell, fæddur 1971, Jóhann Bæring 1973, Hansína, fædd 1980 og Guðrún Hulda 1989.

Strákarnir stöðugt að keppa

Hvernig kom það þá til að fjölskyldan fór að stunda skíði? Eiginlega var það tilviljun allt saman. Sibba segist hafa átt bílskrjóð sem oft þurfti að fara á verkstæði. Þar vann þá Óli Lúðvíks og hann hvatti hana til að drífa sig á námskeið sem Skíðafélagið stóð fyrir, en Óli var ein driffjaðranna í SFÍ á þessum tíma. Addi Kalli eignaðist svo sín fyrstu skíði fimm ára að aldri, tréskíði með böndum og gekk hann á þeim daginn út og daginn inn í dagheimilisbrekkunni við Hlíðarveginn. Hann var sex ára þegar þau fluttu inn í fjörð. Um það leyti var Sirra Gríms komin í bæinn aftur og var að rífa upp skíðaiðkunina sem hafði verið í nokkurri lægð. Hún var með námskeið og kenndi krökkum sem voru að stíga sín fyrstu skref á skíðum. Þetta var mikil bylting. Sibbu fannst eðlilegt að drengirnir lærðu á skíði, búandi í skíðabænum Ísafirði. Hanni fannst kominn tími til að Addi Kalli eignaðist almennileg skíði en Gunnari fannst nú engin sérstök ástæða til þess. Þau voru að byggja og því ekki mikið um peninga. Sibba segist hafa þurft að beita klækjum til að fá það í gegn að strákurinn eignaðist skíðin. Fiskiríið á Guðbjarti hafði verið lélegt þennan vetur, 1976–7. Sibba spurði Gunnar hvort hann vildi nú ekki heita á strákinn að gefa honum almennileg skíði ef vel fiskaðist. Þetta urðu áhrínsorð og í næsta túr var gríðarlegt fiskirí. Þá var bara að standa við áheitið og Addi Kalli fékk ný skíði, með skrúfuðum stálköntum, sem var toppurinn í þá daga. Þá fékk Jói tréskíðin og þar með voru báðir bræðurnir komnir á fullt í skíðamennskuna. Jói var náttúrulega tveimur árum yngri en hann lét það ekkert aftra sér heldur reyndi að hanga í eldri strákunum. Foreldrarnir segja að þeir strákarnir hafi stöðugt verið að keppa, allt daglegt líf þeirra snerist upp í keppni, hvort sem var við matarborðið, á skíðum eða í öðrum íþróttum. Það var allt í hers höndum ef þeir komust ekki á skíði, t.d. vegna veðurs. Þá urðu þeir pirraðir og oft lá við að þeir hreinlega legðu húsið í rúst. Þetta hafa verið orkumiklir drengir sem fengu útrás við skíðaiðkunina. Versta hegningin sem hægt var að beita þá bræður var að þeir fengju ekki að fara á skíði. Þau rifja upp eitt atvik, þá líkaði Adda Kalla ekki maturinn sem var á borðum en mamma hans stóð á því að hann fengi ekki að fara á skíði nema klára. Það tók tímann sinn og

Arnór, Theódóra og Kristinn Björnsson.

hann missti af strætó. Það kom þó ekki í veg fyrir að hann færi á skíði, hann bara labbaði innan úr firði og upp eftir.

Bakkaði upp erfiðustu brekkuna

Gunnar var alltaf á sjónum, þannig að skíðastússið lenti að mestu leyti á Sibbu. Oft var það svolítið harðsótt. Þegar illfært var létu strákarnir mömmu sína bakka upp erfiðustu brekkuna. Þeir gáfu ekkert eftir og sögðust bara geta keyrt sjálfir ef hún treysti sér ekki til þess. Sibba vill meina að foreldrastarfið í kringum skíðabörnin hafi eiginlega verið að byrja á þessum árum. Þar voru margir öflugir, Óli Njáll t.d. var frumkvöðull að því að litla lyftan var sett upp við Harðarskálann og Palli Stull og Einar Valur áttu, að öðrum ólöstuðum, stærstan þátt í flutningi og uppbyggingu Harðarskálans. Þessar framkvæmdir og barnakennslan sem Sirra Gríms sá um ýttu undir það að fjöldi barna fór að stunda skíði á þessum árum.

Jóhann Bæring og Thelma.

Nestið borðað í bílnum á leiðinni heim

Sibba fór að stunda skíðin með strákunum og Gunnar sömuleiðis þegar hann var í landi. Lífið snerist um börnin og áhugamál þeirra og því sjálfsagt að taka þátt í því sem þau voru að gera. Henni fannst heilbrigðara að börnin væru öllum stundum uppi á Dal en í einhverju öðru. Þangað var farið klukkan níu á morgnana og komið heim klukkan fimm. Stundum var m.a.s. nestið borðað í bílnum á leiðinni heim, ef ekki gafst tími til þess yfir daginn. Sibbu finnst skíðaíþróttin vera svo fjölskylduvæn íþrótt, það geta allir verið saman á skíðum. Þetta getur blaðamaður tekið undir, því hvað er skemmtilegra en að fylgjast með börnunum á skíðum, styðja þau við að taka fyrstu skrefin og sjá þau verða smám saman sjálfbjarga og þeysa niður brekkurnar?

Efri mynd: Kristján Flosason, Arnór og Jóhann Bæring.
Neðri mynd: Hansína mitt á milli tveggja norskra landsliðskvenna á FIS míti á Ísafirði 1992

Sterk vinabönd í kringum skíðin

Sterk vinatengsl mynduðust á þessum árum, bæði milli barnanna og ekki síður foreldranna sem stóðu að börnunum. Þegar strákarnir voru púkar voru þeir alltaf saman Addi Kalli og Kiddi Flosa, sem í dag er yfirþjálfari SFÍ í alpagreinum. En Jóhann Bæring, tveimur árum yngri en þeir, var sjaldnast langt undan. Þessi sterku bönd sem mynduðust í kringum skíðin haldast mörg hver enn þann dag í dag.

Einnig eru tengslin við þjálfarana sterk. Þar stendur Hafsteinn Sigurðsson uppúr og Stína, konan hans. Tryggð þeirra hjóna er einstök. Krakkarnir lærðu mikið af Hafsteini, hann er hafsjór af fróðleik og alltaf hægt að leita til hans. Einhverra hluta vegna segjast þau hjónin hafa

HEKLA®
Söluumboð á Ísafirði
Nýir bílar Bílaþing notaðir bílar
Audi
SKODA AUTO
MITSUBISHI MOTORS
H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf.
Þjónusta í heimabyggð frá 1983
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Fax 456 4610 • Kt. 580196-3229 • Vsk nr. 49245 • Netfang hekla-vestfi@l

fylgt Guðrúnu Huldu minnst eftir á skíðunum. Kannski er það aldurinn, hún er jú svo langyngst. Svo var Sibba líka komin á kaf í svo margt annað, nám, vinnu og ýmiss konar athafnastarfsemi. Guðrún Hulda var nú samt yngst til að byrja, orðin skíðandi þriggja ára. Það voru þeir bræðurnir sem komu Hansínu á skíði í upphafi en Kiddi Flosa fór fyrst með Guðrúnu Huldu á skíði, enda báðir bræðurnir í burtu við nám og skíðaiðkun.

Landsliðsmenn á ferð og flugi.

Skíðaiðkun innanlands og utan

Þau hjónin vilja lítið gefa út um að skíðaíþróttin sé dýrt gaman. Jú, jú, útbúnaðurinn kostar vissulega sitt en meðan börnin eru öllum stundum á Dalnum hanga þau ekki í sjoppum og bíói á meðan og þurfa ekki eins mikið af öðru dóti. Framan af var reynt að láta skíði strákanna endast í tvö ár. Þeir fengu ævinlega báðir ný skíði, það þótti ekki sanngjarnt að sá eldri fengi alltaf ný skíði og sá yngri alltaf notuð. Þegar kom að stelpunum voru kröfurnar hins vegar orðnar meiri og þurfti ný skíði árlega. Skíðakaupin léttust reyndar þegar Arnór komst í landsliðið, þá voru honum útveguð skíði. En þá varð líka úthaldið öllu dýrara.

Þrjú barnanna hafa dvalið vetrarlangt eða lengur við skíðaiðkun erlendis. Addi Kalli er einn okkar fremstu skíðamanna í gegnum tíðina, vann eina 7–8 Íslandsmeistaratitla auk fjölda annarra verðlauna. Hann var í landsliðinu um árabil. Má segja að hann hafi búið í ferðatösku í nokkur ár. Hann æfði og keppti um öll Norðurlönd, vítt og breitt um Alpana, á Spáni, í Júgóslavíu, Póllandi, Kóreu og Japan. Þetta er auðvitað gríðarlegt ævintýri en ekki tekið út með þegjandi sældinni. Það þarf sterka bakhjarla til að flengjast um hálfan hnöttinn á milli æfinga- og keppnisstaða. Addi Kalli átti ýmsa góða að hér á Ísafirði og svo bjó hann svo vel að geta komist nokkra túra á sjóinn með pabba sínum á sumrin. Á ferðalögum sem þessum verða menn oft að búa þröngt og því betra að mönnum lyndi saman. Kristinn Björnsson var lengi samferðamaður og sambýlingur Adda Kalla og máttu þeir oft hírast í litlum herbergiskytrum. Við svona náin kynni skapast vinátta sem ekki fennir yfir. Þá kynntist Addi Kalli líka eiginkonu sinni á skíðunum, Theódóru Mathiesen, og munu þau væntanlega lifa lengi á því að hafa farið saman á Ólympíuleika, nefnilega í Nagano í Japan árið 1998.

Hafa öll unnið við skíðaþjálfun

Jóhann Bæring fór eitt ár í skíðamenntaskóla í Svíþjóð. Hann entist reyndar ekki lengi þar enda ung stúlka heima sem togaði í hann, nefnilega Sædís Jónatansdóttir, síðar eiginkona hans. Um tíma var Jói í vélskóla á Akureyri og æfði þá skíði með Dalvíkingum. Það gekk ekki að æfa á Akureyri nema skipta um félag og það var hann ekki alveg tilbúinn að gera.

Hansína var eitt ár skiptinemi í Austurríki og stundaði þá skíðin af kappi, keppti á fjölda héraðsmóta og kom heim hlaðin verðlaunagripum.

Þau systkinin hafa öll unnið fyrir sér með skíðaþjálfun. Addi Kalli fór beint í þjálfun þegar hann kom heim frá landsliðsflakkinu. Jói hefur þjálfað nokkur undanfarin ár hjá Skíðafélagi Ísfirðinga og í vetur hefur hann nokkrum sinnum leyst Kidda af þegar hann hefur ekki getað skipt sér á milli staða.

Hansína er lærður íþróttakennari og er nú annað árið í röð við þjálfun hjá Skíðafélagi Akureyrar og Guðrún Hulda er einnig þjálfari hjá SKA í vetur. Þeim hjónunum finnst svolítið broslegt að þær systur, sem eru aldar upp í skíðabrekkunum á Ísafirði, skuli vera farnar að þjálfa Akureyringa á skíðum; en enginn veit sína ævina fyrr en öll er. Hver veit nema þær eigi eftir að snúa heim síðar og þjálfa ísfirska skíðaæsku.

Þótt Addi Kalli sé ekki að þjálfa núna er hann ekki alveg búinn að slíta öll tengsl við skíðin, t.d. var hann eftirlitsmaður Skíðasambandsins á bikarmóti hér vestra fyrir stuttu. Svo verður hann eflaust kominn á fullt sem foreldri eftir nokkur ár þegar sonurinn, sem nú er árs gamall, fer að stunda skíðin. Jói hefur líka nóg að gera þessi misserin, að koma yngri dætrunum, þriggja og fjögurra ára, af stað á skíðum. Thelma, dóttir Jóa, hefur æft og keppt í mörg ár, þótt hún sé aðeins 11 ára og Gunnar Jónas, sjö ára sonur Hansínu, er líka farinn að æfa.

Andrésarleikarnir og heimsbikarmót

Þau hjónin eiga margar skemmtilegar minningar frá keppnisferðalögum með börnunum. Sibba fór nokkrum sinnum á Andrésar andarleikana, en Gunnar líklega oftar. Þetta eru ógleymanlegar ferðir margar hverjar enda skemmtilegur félagsskapur. Gunnar rifjar upp að eitt sinn var fararstjórunum treyst fyrir 6–7 ára strák sem þeir þurftu að taka upp á kvöldin til að láta pissa. Gunnar sá um þetta ásamt Eggert Jónssyni, annar bar strákinn og stillti honum upp við klósettið meðan hinn stýrði bununni á réttan

Örvar Dóri og Guðrún Hulda sex ára, árið 1989, þau eru fædd sama dag.

Guðrún Hulda, 13 ára, efst á verðlaunapalli.

stað. Strákurinn hélt bara áfram að sofa á meðan en svefnpokinn hélst þurr, móðurinni til ánægju. Aðra sögu kann hann af Einari Val, heitnum, sem var ævinlega „bankastjóri" í þessum ferðum. Einu sinni leiddist honum að bíða eftir einum göngustráknum í mark, þótti hann ekki taka nógu vel á, en sá hinn sami var mikill peningamaður. Þá kallaði Einar Valur: „bankinn er að loka" og það var eins og við manninn mælt, drengurinn gaf allt í botn og náði að bæta stöðu sína verulega.

Gunnar var líka svo heppinn að geta fylgt Adda Kalla svolítið eftir erlendis. Hann fór einar þrjár ferðir til útlanda til að sjá hann keppa. Hann rifjar upp þá ógleymanlegu stemmningu að vera í hópi 36.000 áhorfenda á heimsbikarmóti. Hann fékk starfsmannapassa og gat því farið alveg að marksvæðinu og komist í návígi við alla þá bestu. Sibba hefur líka farið á skíði erlendis. Hún segist nú aldrei hafa verið góð á skíðum en hún hefur þó afrekað meira en margir í þeim efnum, nefnilega að fara niður hina alræmdu Hahnenkammbraut í Kitzbuhl. Hvernig hún komst það fylgir ekki sögunni, en niður fór hún.

Rekstur Kvennabrekku

Ekki er hægt að taka viðtal við Sibbu öðru vísi en að talið berist að Kvennabrekku en það er fyrirtæki sem hún rekur í samstarfi við Jóhönnu Jóhannesdóttur. Þetta er þriðja árið sem þær sjá um rekstur skíðaskálans í Tungudal undir merkjum Kvennabrekku. Sem kunnugt er er skíðaskálinn í eigu foreldrafélags skíðabarna og er forsagan sú að það vantaði einhvern til að reka staðinn. Páll Sturlaugsson, formaður foreldrafélagsins, gekk á eftir Sibbu að taka þetta að sér og hún lét til leiðast með aðstoð Jóhönnu. Þetta er auðvitað bara hlutastarf og báðar sinna þær þessu samhliða öðrum störfum. Þetta er nokkurs konar tilraunaverkefni og ljóst að menn verða seint feitir af þessum viðskiptum, reksturinn er það lítill enda erfitt að treysta á veðurguðina og snjóalögin, þótt þau hafi verið með betra móti þennan veturinn. Í rekstri skálans felst að leigja út salinn og gistirými á efri hæðinni og loks sjoppan og lyftukortasalan. Vegna óvissunnar um skíðavertíðina hverju sinni er erfitt að ráða fólk til starfa en þær hafa verið heppnar með unglinga sem hægt hefur verið að grípa til þegar þörf krefur. Salarleigan og gistingin hafa aukist hægt og sígandi undanfarin ár og nú er jafnvel farið að panta gistingu erlendis frá. Gistirýmið saman stendur af fimm herbergjum, með 12–14 rúmum og stundum er jafnvel sofið í flatsæng. Hugmyndin að baki þessum rekstri er að ef einhver rekstrarafkoma er þá renni hún til að styrkja skíðastarfið hjá Skíðafélagi Ísfirðinga og geta þannig borgað til baka það sem börnin hafa notið góðs af á vegum félagsins.

Ísfirðingar á Andrés, líklega árið 1984.

Það er ekki að undra að á heimili þeirra Sibbu og Gunnars hefur komið aragrúi verðlaunagripa af öllum stærðum og gerðum í gegnum tíðina. En þau hjónin eru sammála um að það sé ekki endilega aðalatriðið, heldur vilja þau leggja áherslu á að skíðaíþróttin sé holl almennings- og fjölskylduíþrótt og máltækið góða sé í fullu gildi: Heilbrigð sál í hraustum líkama. Skíðablaðið þakkar þeim hjónum, Sigurborgu og Gunnari fyrir skemmtilegt spjall og vonar að þau eigi ánægjulega skíðaviku fyrir höndum.



www.samskip.is

samskip

Silja Rán, Hekla Dögg og Edda Lind ásamt Örnu Kristbjörnsdóttur fyrir framan konungshöllina í Osló.

Systurnar Silja Rán og Hekla Dögg hafa vetursetu í Lillehammer ásamt foreldrum sínum, Guðmundi Rafni Kristjánssyni og Jónu Lind Karlsdóttur, og yngri systur, Eddu Lind. Fjölskyldan kom til Lillehammer þann 5. janúar sl. og verður fram í byrjun maí.

SKÍÐASTAÐURINN LILLEHAMMER

Ísfirsku gönguskíðasysturnar Silja Rán og Hekla Dögg Guðmundsdætur skrifa frá Noregi:

Við göngum að sjálfsögðu í skóla hér og erum reyndar í sitthvorum skólanum, Silja Rán í Smestad ungdomsskole og Hekla Dögg í Ekrom barneskole og það gengur bara vel hjá okkur. Vel var tekið á móti okkur í skólanum og greinilega lítið mál að fá íslenska gesti í nokkra mánuði. Hér er frábært að vera og skíðaaðstaða hin besta, við erum báðar að æfa með Lillehammer skiklubb og það er mjög skemmtilegt en ekki ólíkt því sem er gert heima enda erum við búnar að hafa norska þjálfara síðustu tvo vetur.

Mót flestar helgar

Við erum búnar að taka þátt í nokkrum mótum og hefur okkur gengið nokkuð vel. Hér eru mót í nágrenninu flestar helgar og gaman að upplifa þá stemmingu sem myndast en mótin eru mun fjölmennari en heima. Silja Rán tók þátt í mjög stóru móti 2.–4.mars sem er óopinbert unglingameistarmót Noregs fyrir 15-16 ára, keppendur voru 950 í göngu og stökki. Silja Rán náði góðum árangri, varð nr. 85 bæði í sprettgöngu og 5 km göngu en keppendur voru um 150 talsins í flokki 15 ára. Hún var einnig í boðgöngusveit fyrir Opplandfylki.

Skíðaveisla framundan í Lillehammer

Framundan er mikil skíðaveisla hér í Lillehammer sem byrjar með Inga-Låmi sem er stærsta kvennaganga Noregs og þar ætlar mamma að ganga 30 km. Síðan er Birkebeinergangan helgina á eftir og pabbi gengur þar 54 km. Við systurnar förum svo líklega í unglinga- og barna Birkerbeiner. Það er mikið fjör og uppákomur í kringum þessar göngur.

Frábær skíðasvæði

Lillehammer státar af frábærum skíðasvæðum síðan ólympíuleikarnir voru haldnir hér. Skíðasvæðið í Hafjell er glæsilegt og þar eru nýir kláfar sem flytja fólk fljótt og vel upp á topp. Við eigum eftir að fara þangað upp og ganga á fjallinu. Hér eru endalausir möguleikar á gönguleiðum. Síðan er stökkpallurinn sem er mjög áberandi hér í bænum og alltaf upplýstur. Þar verður heimsbikarmót í stökki 16. mars með öllum helstu stökkvurum heims og við ætlum að sjálfsögðu að fylgjast með því.

Já, það er frábær upplifun fyrir okkur að vera hér og æfa við bestu aðstæður, læra nýtt tungumál og prófa eitthvað nýtt. Við munum búa að þessu til framtíðar.

Bestu skíðakveðjur,
Silja Rán og Hekla Dögg gönguskíðastelpur.

Efri mynd: Silja Rán í undanúrslitum í sprettgöngu í Kredsmesterskap í Lygna.

Neðri mynd: Hekla Dögg að keppa 2 km göngu í Kredsmesterskap í Lygna.

Hekla Dögg, Edda Lind og Jóna Lind við Birkibeinasporið, á fallegum áningarstað þar sem hægt er að kveikja eld og grilla.

DAGSKRÁ SKÍÐAV

MIÐVIKUDAGUR 4. APRÍL

10.00 – 17.00 Lyftur opnar í Tungudal
Lyftur opnar í Tungudal, ef snjóalög og veður leyfa. Göngusvæði verður tilbúið kl. 13.00.

16.30 Setning Skíðaviku á Silfurtorgi
Skíðavikan verður að venju sett á Silfurtorgi. Lúðrasveit Tónlistarskóla Ísafjarðar marserar ásamt meðlimum úr Skíðafélagi Ísfirðinga laust fyrir kl. 17.00 frá Ísafjarðarkirkju að Silfurtorgi. Skíðafélag Ísfirðinga selur veitingar.

17.00 Sprettganga Núps
Löng hefð er fyrir sprettgöngu Núps í Hafnarstræti í miðbæ Ísafjarðar og verður ekki brugðið út af vananum þetta árið.

18.30 Vínsmökkun
Skrifstofuhótelið á Ísafirði ætlar að hefja Skíðavikuna með vínsmökkunarnámskeiði. Helstu tegundir rauðvíns verða kynntar og reynt að draga fram einkenni þeirra. Þátttakendur taka þátt í blindsmökkun á fjórum völdum tegundum. Farið verður yfir framleiðslu vína, geymslu og val á vínum með mat. Verð aðeins 1.990 kr. Takmarkað sætaframboð. Nánari upplýsingar og skráning á www.skrifstofuhotel.is.

19.00 – 22.00 Fuglagerð fyrir altarisvegg Ísafjarðarkirkju
Í suðurenda Vestrahússins er leirverkstæði. Þangað er þeim boðið að koma, sem vilja gera lóu úr leir, sem prýða mun altarisvegg Ísafjarðarkirkju.

20.00 – 22.00 Páskasundlaugarpartý Þingeyri
Félagsmiðstöðin stendur fyrir sundlaugarpartýi á Þingeyri fyrir unglinga og ungmenni í 7. bekk og uppúr.

21.00 Tónleikar Þrastar Jóhannessonar í Hömrum
Kynning á efni væntanlegrar plötu sem kemur út í haust. Með Þresti á tónleikunum spila þeir Stefán Baldursson á gítar, Vernharður Jósefsson á bassa og Tumi Jóhannsson á trommur og kannski er von á einhverjum óvæntum gestum. Miðaverð er kr. 1.000. Upplýsingar veitir Þröstur í síma: 849 9486

22.00 Gummi Hjalta með gítarkaroke á Langa Manga
Gestir og gangandi taka lagið við gítarundirleik.

22.00 Einar Örn Konráðsson í Kjallaranum í Bolungarvík
Bolvíski trúbadorinn Einar Örn Konráðsson kemur í heimsókn í Kjallarann og mun halda uppi fjöri fram á nótt.

SKÍRDAGUR FIMMTUDAGUR 5. APRÍL

08.00-11.00 Opið í Upplýsingamiðstöðinni
Opið verður í Upplýsingamiðstöðinni í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Heitt á könnunni.

10.00-17.00 Lyftur opnar í Tungudal
Lyftur opnar í Tungudal, ef snjóalög og veður leyfa. Göngusvæði verður tilbúið kl. 11.00.

10.00 – 18.00 Fuglagerð fyrir altarisvegg Ísafjarðarkirkju
Í suðurenda Vestrahússins er leirverkstæði. Þangað er þeim boðið að koma, sem vilja gera lóu úr leir, sem prýða mun altarisvegg Ísafjarðarkirkju.

12.00 Skíðaskotfimi á Seljalandsdal
Skemmtileg og hæfilega alvöruþrungin keppni í skíðaskotfimi.

13.00 Skíðagöngukennsla á Seljalandsdal
Göngunefnd Skíðafélagsins býður upp á skíðakennslu fyrir almenning á Seljalandsdal. Upplagt fyrir þá sem vilja bæta tæknina fyrir Garpamótið.

14.00 Fermingarmessa í Ísafjarðarkirkju

14.00 Fermingarmessa í Mýrakirkju

15.00 Boarding Cross mót
Boarding Cross mót á vegum SFÍ fyrir 9 ára og eldri.

16.00 Kristinn Gunnar Atlason opnar málverkasýningu í Slunkaríki
Kristinn Gunnar Atlason er fæddur 1982, hann lauk námi í Myndlistarskólanum í Reykjavík árið 2005 og stundar í dag nám í Grafískri hönnun við Listaháskóla Íslands.

19.00 – 00.00 Helgi Björns hjá SKG Veitingum á Hótel Ísafirði
Tónleikar að loknu borðhaldi.

20.00 – 22.00 Páskasundlaugarpartý Ísafirði
Félagsmiðstöðin stendur fyrir sundlaugarpartýi fyrir unglinga í 7. til 10. bekk í Sundhöllinni við Austurveg. Félagsmiðstöðin er einnig opin á sama tíma.

20.00 – 22.00 Skíðanótt í Tungudal

20.00 Snjóbrettamót Eimskipa í Tungudal
Eimskip standa að Big jump keppni á skíðasvæðinu í Tungudal. Ekkert þátttökugjald.

20.30 Kvöldmessa í Holtskirkju

21.00 Spurningakeppnin Drekktu betur á Langa Manga

FÖSTUD. LANGI FÖSTUDAGUR 6. APRÍL

09.30 Helgiganga í Önundarfirði
Helgiganga, hefst með helgistund í Flateyrarkirkju kl. 9:30. Síðan er gengið í Holt. Helgistund í Holtskirkju kl. 12:00. Að því loknu er súpusamfélag í Holti - Friðarsetri. Veitingar seldar á vægu gjaldi.

10.00 – 17.00 Lyftur opnar í Tungudal
Lyftur opnar í Tungudal, ef snjóalög og veður leyfa. Göngusvæði verður tilbúið kl. 11.00.

10.00 Gönguskíðaferð um friðland Hornstranda
Sjóferðir Hafsteins og Kiddýjar bjóða upp á gönguskíðaferð um friðland Hornstranda. Lagt verður af stað frá Ísafjarðarhöfn stundvíslega kl. 10.00 og siglt að Látrum í Aðalvík. Þaðan verður gengið á skíðum til Hesteyrar. Fremstur í flokki verður Jón Björnsson sem er öllum hnútum kunnugur á svæðinu. Komið verður til baka til Ísafjarðar um kl. 18.00. Þátttakendur skulu taka með sér nesti. Nauðsynlegt er að skrá sig í ferðina hjá Kiddý, takmarkað sætaframboð og lágmarksfjöldi þátttakenda. Verð: 4.000 krónur/börn 2.500. Bókanir og upplýsingar í síma 456 3879 og 892 4879.

10.00 – 18.00 Fuglagerð fyrir altarisvegg Ísafjarðarkirkju
Í suðurenda Vestrahússins er leirverkstæði. Þangað er þeim boðið að koma, sem vilja gera lóu úr leir, sem prýða mun altarisvegg Ísafjarðarkirkju.

11.00 Kyrrðarstund í Þingeyrarkirkju: Krossferill Krists

11.00 Helgistund í Tungudal
Sr. Magnús Erlingsson annast helgistund í Tungudal.

AVIKUNNAR 2007

11.30 – 17.00 Furðufatadagur í Tungudal
Löng hefð er fyrir fjölskylduskemmtun á dalnum á föstudaginn langa þar sem boðið er upp á grillaðar pylsur og karamellur falla af himnum ofan í boði Hamraborgar og Góu. Boðið verður upp á andlitsmálun fyrir krakkana milli kl.12.00 og 14.00.

12.00 – 18.00 Sýning Kristins Gunnars Atlasonar opin í Slunkaríki

14.00 Dimmalimm í Hömrum
Kómedíuleikhúsið sýnir einleikinn vinsæla í dag. Tilvalin skemmtun fyrir börn frá 2 – 102 ára. Miðaverð aðeins 1.000 kr.

16.00 Helgistund á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði

20.00 Afmælisfundur AA-samtakanna í Ísafjarðarkirkju
Afmælisfundur AA í Ísafjarðarkirkju. Félagar úr AA og Al Anon tala. Allir velkomnir.

19.00 Helgi Björns hjá SKG Veitingum á Hótel Ísafirði
Tónleikar að loknu borðhaldi.

20.00 Heimsins Ljós í Hömrum
Þættir úr Matteusarpassíunni fluttir af strengjakvartett og upplesara. Flytjendur: Janusz Frach, fiðla, Maksymilian Frach, fiðla, Halldór Sveinsson, víóla, Þorbjörg Daphne Hall, selló, Elfar Logi Hannesson, lestur

19.00 – 24.00 Aldrei fór ég suður
Rokkhátíðin Aldrei fór ég suður verður formlega sett í fjórða sinn kl. 20.00 í gömlu Ríkisskipaskemmunni við Ásgeirsbakka og standa tónleikarnir yfir í um fjóra tíma. Nánari upplýsingar á www.aldrei.is.

20.00 Þið munið hann Jörund
Leikfélag Hólmavíkur sýnir ævintýrið og söngleikinn Þið munið hann Jörund í Víkurbæ, Bolungarvík, föstud. langa kl. 17.30 og kl. 21.30. Miðapantanir og upplýsingar í síma 865 3838.

22.00 Langi Mangi
Símon Birgisson og Jón Tryggvi flytja ný lög við þekkta sálma.

00.00 Denni í Kjallaranum í Bolungarvík
Denni mætir galvaskur með gítarinn í Kjallarann að kvöldi föstudagsins langa og spilar frá miðnætti og út í rauða nóttina.

00.45 Trúbadorinn Birgir Örn á Langa Manga

LAUGARDAGUR 7. APRÍL

10.00 – 17.00 Lyftur opnar í Tungudal
Lyftur opnar í Tungudal, ef snjóalög og veður leyfa. Göngusvæði verður tilbúið kl. 11.00.

11.00 Vestfjarðamót Hótels Ísafjarðar í göngu
Skíðagöngumót fyrir alla aldurshópa. Hjá unglingum og fullorðnum er tvíkeppni, þ.e. fyrri hluti genginn með hefðbundinni, sá síðari með frjálsri aðferð. Börn keppa í skemmtilegri þrautabraut. Mótsstjóri er Einar Yngvarsson í síma: 897 6753

12.00 – 18.00 Sýning Kristins Gunnars Atlasonar opin í Slunkaríki

13.00 Páskaeggjamót Samskipa
Páskaeggjamót í svigi verður í Tungudal og í göngu á Seljalandsdal og hefjast bæði mótin kl. 13:00. Allir krakkar fæddir 1994 og yngri velkomnir til þátttöku.

14.00 – 16.00 Páskabingó JCI Vestfjarða
Páskabingó JCI Vestfjarða á Hótel Ísafirði. Góðir vinningar og veitingar seldar á staðnum.

15.00 – 02.00 Aldrei fór ég suður
Aldrei fór ég suður – rokkhátíð alþýðunnar verður fram haldið á laugardag og standa tónleikarnir fram yfir miðnætti. Fram koma vel á þriðja tug atriða þennan daginn. Nánari upplýsingar á www.aldrei.is.

22.00 Langi Mangi: Kjartan og Hrannar leika jass

00.00 Langi Mangi: Gummi Hjalta með gítarkaroke
Gestir og gangandi taka lagið við gítarundirleik.

PÁSKADAGUR

SUNNUDAGUR 8. APRÍL

09.00 Páskaguðsþjónusta í Ísafjarðarkirkju

09.30 Páskaguðsþjónusta í Flateyrarkirkju
Morgunkaffi á kirkjulofti.

09.00 Hátíðarmessa í Þingeyrarkirkju
Morgunverður í félagsheimilinu eftir messu í boði sóknarnefndar

10.00 – 17.00 Lyftur opnar í Tungudal
Lyftur opnar í Tungudal, ef snjóalög og veður leyfa. Göngusvæði verður tilbúið kl. 11.00.

11.00 Páskaguðsþjónusta í Hnífsdalskapellu

11.00 Hátíðarguðsþjónusta í Suðureyrarkirkju

12.00 – 18.00 Sýning Kristins Gunnars Atlasonar opin í Slunkaríki

12.00 Garpamót í göngu á Seljalandsdal
Þetta er keppni mestu göngugarpa landsins. Allir garpar eru hvattir til að taka þátt.

13.30 Garpamótið í svigi í Tungudal
Nú verður aldeilis tekið á því, skíði smurð, keppnisgallar mátaðir og þrekpróf tekin.

14.00 Hátíðarguðsþjónusta í Súðavíkurkirkju

14.00 Hátíðarmessa í Mýrakirkju

14.00 Skíðaævintýri í Önundarfirði
Skíðamenn dregnir frá Seljalandsdal yfir Vestfjarðahásléttuna. Skíðað niður í Önundarfjörðinn í brekkum við allra hæfi. Endað í sundi og sauna á Flateyri. Nánar auglýst síðar.

17.00 Gísli Súrsson í Félagsheimilinu á Þingeyri
Kómedíuleikhúsið sýnir verðlauna leikinn sívinsæla sem hefur verið sýndur yfir 130 sinnum um land allt og líka í útlöndum. Miðverð aðeins 1.000 kr.

00.45 Langi Mangi: Hljómsveitin Stella heldur öllum í góðum gír

ANNAR Í PÁSKUM

MÁNUDAGUR 9. APRÍL

10.00 – 16.00 Lyftur opnar í Tungudal
Lyftur opnar í Tungudal, ef snjóalög og veður leyfa. Göngusvæði verður tilbúið kl. 11.00.

12.00 – 18.00 Sýning Kristins Gunnars Atlasonar opin í Slunkaríki

Skíðablaðið tók tal af einum fremsta snjóbrettamanni Ísafjarðar, Ásgeiri Þór Kristinssyni, 24 ára gömlum Ísfirðingi, syni Agnesar Ásgeirsdóttur og Snorra Bogasonar hjá SKG-veitingum. Ásgeir var fyrir stuttu ráðinn snjóbrettaþjálfari hjá SFÍ og er það í fyrsta skipti sem æfingar eru í boði á Ísafirði, sem og á landsvísu, fyrir snjóbrettaáhugamenn.

SMÍÐUÐU FYRSTU SNJÓBRETTIN ÚR GÖMLUM FISKIKÖRUM

Fjóla Bjarnadóttir ræðir við Ásgeir Kristinsson snjóbrettaþjálfara Skíðafélags Ísfirðinga

Geiri, eins og hann er kallaður, er fyrst spurður að því hvað hann sé að gera núna? „Ég byrjaði í Verkmenntaskólanum hér í grunndeild málmiðnaðar, kláraði fyrsta árið og fór svo suður í Iðnskólann í Hafnarfirði á hönnunarbraut. Eftir eitt ár þar skellti ég mér til Danmerkur í Lýðháskóla en stunda nú nám í Grunndeild rafiðna hér á Ísafirði og stefni á að fara suður að klára það næsta haust. Svo er ég að þjálfa brettakrakkana hjá SFí."

Hvenær vaknaði snjóbrettadraumurinn? „Snjóbrettadrauminn hef ég haft síðan ég var 12 ára en við vinirnir, Þorlákur Sveinsson og ég, smíðuðum okkar fyrstu snjóbretti úr gömlum fiskikörum enda áttu fáir bretti á þessum tíma og ég átti heldur ekki peninga fyrir bretti."

Nú hefur uppbygging skíðasvæðisins verið mikil undanfarið og aðstæðan til fyrirmyndar, en eru snjóbrettamenn ánægðir með aðstöðuna í fjöllunum? „Ég er ánægður með aðstæður til snjóbrettaiðkunar hér en auðvitað má alltaf bæta um betur. Það er hellingur af flottum fjöllum alls staðar hér í kring sem hægt er að renna sér niður, t.d. á gamla skíðasvæðinu á Seljalandsdal. Við tökum okkur stundum til og löbbum upp í gilið þar sem topplyftan var einu sinni. Skíðasvæðið í Tungudal er líka mjög gott þegar þar er nægur snjór."

Nú eru hafnar æfingar fyrir brettamenn, sem fagnað er mikið, hvaða kröfur eru gerðar til

þeirra sem vilja byrja að æfa? „Einu kröfurnar sem eru gerðar á þá sem hyggja á æfingar er að komast upp með lyftunum og að iðkendur noti hjálma. En ásamt mér er Páll Gunnlaugsson þjálfari."

Hvar eru æfingarnar og hvaða snjóbrettamót eru í boði? „Við æfum einu sinni í viku til að byrja með hér í fjallinnu. Glitnismót SFÍ var haldið á dögunum en ég var fenginn til að stjórna brettakeppninni þar. Það mót var fyrir 12 ára og yngri. Keppt var í *Bordercross* á laugardeginum og svo var *Big Jump* mót á sunnudeginum. Ég var mjög ánægður með það mót. Svo stefnum við á að halda mót á páskunum fyrir eldri krakkana."

Hvaða útbúnaður er nauðsynlegur fyrir brettamanninn, fyrir utan grunnbúnað eins og bretti, bindingar og skó? „Það er góður fatnaður, hjálmur og helst nýrnabelti, sem og góð snjóbrettagleraugu."

Hverjar eru helstu verslanir brettamannsins? „Brim er uppáhalds búðin mín, Smash og Holan á Akureyri. Svo eru Intersport og Everlast líka með ágætt úrval af vörum fyrir brettafólk."

Nú er fólk kannski ekki almennt með á hreinu hver eru helstu merki í snjóbrettaútbúnaði, hver eru flottasti búnaðurinn og brettið í dag? „Ég veit það nú ekki, það eru mörg góð, t.d. er FORUM mjög gott merki, OPTION, BURTON og þá sérstaklega fötin frá þeim, BILLABONG og alveg hellingur í viðbót."

Hver er bestur í snjóbrettaheiminum í dag? „Shaun White er suddalega góður og svo held ég að Aron verði bestur á Íslandi eftir nokkur ár. Annars veit ég ekki hver er bestur hér á landinu núna enda snýst þetta ekki um það heldur að skemmta sér," segir þessi ungi, hógværi og hæfileikaríki brettastrákur að lokum.

Þann 3. janúar sl. fór hópur skíðabarna ásamt foreldrum í tíu daga skíðaferð til Schladming í Austurríki. Til að þessi ferð gæti orðið að veruleika lögðu bæði börnin og foreldrar þeirra á sig mikla vinnu við fjáraflanir. Þau segjast kunna öllum þeim sem keyptu af þeim kaffi, fisk eða buff, komu í 17. júní kaffi, konukvöld í Skíðaskálanum eða styrktu þau á einhvern annan máta, bestu þakkir fyrir. Friðrik Þórir, átta ára skíðagarpur, skrifaði dagbók í Austurríki og er dagbókin hans, auk skrifa þeirra Auðar Helgu Ólafsdóttur og Þórunnar Pálsdóttur, sú ferðasaga sem hér birtist.

Kátir krakka í yngri hópnum.

DAGBÓK FRÁ AUSTURRÍKI

Æfingarferð svigskíðabarna og foreldra til Schladming í Austurríki í janúar 2007.

04.01.2007

Í gær vorum við fjölskyldan 12 og ½ tíma að keyra og fljúga. Til að komast til Reykjavíkur voru 7 ½ tími og til Austurríkis 3 tímar og að fara frá Salzburg til Schladming tók 2 tíma og við keyrðum í rútu og þá var ég kominn til Schladming. En í dag var ég á skíðum frá 9 til 3 og það voru geggjað mikið af hólum og ég datt næstum á sumum og svo fór ég í psp og svo fór ég að skrifa í dagbók.

Skíðabærinn Schladming í Austurríki.

Þetta var svo sannarlega mikið ferðalag. Allt gekk þó að óskum og komust allir ferðalangarnir 36 ásamt öllum sínum farangri á leiðarenda heilir á húfi. Seinna bættust 11 til viðbótar í hópinn. Við dvöldum svo í bænum Schladming næstu 10 daga.

Schladming er mjög vinalegur og líflegur bær í um 90 km fjarlægð frá aðþjóðaflugvellinum í Salzburg. Íbúar eru um 4800. Schladming er í Steiermark héraði og er hluti af Ski amadé skíðasvæðinu líkt og Dalirnir þrír (Alpendorf, Flachau og Wagrain).

05.01.2007

Í dag var geggjað gaman fyrst þá þurfti ég að vakna eldsnemma og ég reyndi að sofna en mamma sagði alltaf Friðrik farðu að klæða þig svo fór ég að klæða mig og svo fór ég á skíðasvæðið og það var geggjað gaman.

Já, litlir fætur og margir stórir reyndar líka börðust við þreytu og harðsperrur fyrstu dagana enda mikið æft. Ferðin var nýtt til hins ýtrasta, skíðað hvern einasta dag frá klukkan níu á morgnana og margir allt til loka skíðasvæðanna um klukkan fimm á daginn.

Dagurinn byrjaði með morgunverði á Hotel Neue Post þar sem hópurinn hélt til. Þrátt fyrir stærðarinnar hlaðborð með hinum ýmsu girnilegu veigum var „ríkismorgunverður" íslensku barnanna austurrísk hveitibolla með súkkulaði. Trúðum við foreldrarnir varla okkar eigin augum þegar sum þeirra byrgðu sig upp í síðasta morgunverðinum, sannfærð um að svona góðgæti fengist sko ekki heima.

06.01.2007

Í dag á Gísli afmæli og ég gaf honum blóm sem syngur afmælissönginn og stafi og svo fór ég á skíði og þá var allt gaman nema eitt. Ég var á svona hól og þar var lítill stökkpallur en svo kom allt í einu ógeðslega brött brekka og ég gat ekki stjórnað mér og skaust úr skíðunum og fór í hálft heljarstökk og lenti á bakinu.

Í ferðinni áttu tveir litlir skíðagarpar afmæli; þau Gísli Jörgen sem varð 9 ára og Katrín Emma sem varð 11 ára. Okkur varð nú ekki skotaskuld úr því að halda upp á dagana með þeim enda frábært að sjá hvað allir krakkarnir voru góðir vinir og gátu skemmt sér vel saman. Margt var brallað milli þess sem skíðað var. Fyrstu dagana mátti sjá SFÍ börn skjótast á milli búða í leit að hinni fullkomnu Austurríkishúfu og hefur verið gaman að fylgjast með árangri þeirrar leitar á höfðum barnanna eftir heimkomu. Krakkarnir fóru líka í sund. Fannst þeim nú nóg um sundmenningu Austurríkismanna þar sem konur og karlar, stelpur og strákar deila allir sama klefa. Hátta sig í einskonar mátunarklefa og geyma svo fötin sín í skápum á meðan synt er í laug þar sem aðaláherslan er lögð á hvíldarbekki en ekki risastórar rennibrautir eins og þau vilja helst hafa það. Við fullorðna fólkið gátum nú samt ekki betur séð en þau skemmtu sér konunglega í litlu rennibrautinni enda varla hægt að láta sér leiðast í þeim góða félagsskap sem þau höfðu hvert af öðru.

Skíðasvæðið í Schladming - Planai er mjög fjölbreytt, með nýtísku lyftum og fjölda fjallakofa.

Staður: Schladming

Hæð yfir sjávarmáli	745 m
Lengd troðinna brekka	32 km
Svartar brekkur	5 km
Rauðar brekkur	21 km
Bláar brekkur	6 km
Lengsta brekka	4,6 km
Hæðarmismunur	1110 m
Fjöldi skíðalyfta	16
Flutningsgeta pr. klst.	18.200 manns

Í töflunni hér til hliðar má sjá upplýsingar um svæðið. Svartar brekkur eru erfiðastar, rauðar brekkur erfiðar og bláar brekkur auðveldari yfirferðar. Mest var um rauðar brekkur auk þess sem nauðsynlegt var að skíða í svartri brekku ætlaði maður að skíða alveg niður í bæ að loknum skíðadegi. Það voru því fleiri en Friðrik Þórir sem lentu í erfiðleikum í skíðabrekkunum. Önnur undirritaðra fór eftir hvatningu ferðafélaganna í brekkur sem hún hefði aldrei nokkurn tímann lagt í á eigin vegum og kunni hún þeim ekki alltaf bestu þakkir fyrir. Þeir bættu henni þetta sem betur fer oftast upp með góðum kakóbolla á næsta veitingastað enda voru þeir á hverju strái og alltaf hægt að setjast niður, hvíla lúin bein og safna kjarki fyrir næstu brekku. Það fór nú samt sem betur fer þannig að enginn meiddist í þessari ferð og allir komust heilir á húfi heim til Íslands.

07.01.2007

Í dag vorum við í Reitaralm og fórum þangað í rútu í 10 mínútur. Svo fórum við á kaffihús að fá okkur kakó og pylsu og franskar. Og svo höfðum við útsýni yfir fjöll sem voru 2.700 metra. Í dag fór ég bara í 1.860 metra hæð en í gær fór ég í 2.052 metra. Fínn dagur. En svo um kvöldið var skíðasýning og ég hélt að það væri að sýna skíðaföt en það var að sýna svona kúnstir á skíðum og smá snjóbretti.

Frá Schladming getur þú farið á tvö skíðasvæði; Schladming Planai og Hochwurzen. Á hægri hönd við Hochwurzen (sem í daglegu tali var kölluð Háa Pylsan) er Reiteralm í bænum Pichl og á vinstri hönd við Schladming Planai er Hauser-Kaibling. Þessi fjögur skíðasvæði eru mjög vel tengd saman bæði með lyftum og brautum og gilti skíðapassinn okkar á þau öll. Við flökkuðum því um þessi fjögur fjöll og skiluðum okkur heim með því að skíða til baka eða taka rútuna sem gekk á milli þessara bæja. Allir áttu sér sínar uppáhaldsbrekkur en Hauser-Kaibling var mjög vinsælt hjá sumum börnunum vegna risastóra trambólínsins sem var við einn veitingastaðinn þar.

Schladming er frægur skíðabær. Þar var heimsmeistaramótið haldið árið 1983 og undanfarin ár hefur eitt vinsælasta svigmót heimsbikarins farið þar fram. Mótið fer fram í flóðlýsingu að kvöldi sem skapar mjög skemmtilega stemmingu. Þess má geta að keppnin sem fór fram þann 25. janúar sl. var haldin í sömu svörtu brekkunni og við þurfum að glíma við á leið okkar heim úr fjallinu. Síðustu dagana sáum við starfsmenn skíðasvæðisins á fullu að undirbúa mótið. Töluvert er um að Íslendingar fari til Schladming á skíði enda taka þeir vel á móti gestum sínum; bjóða þá velkomna með heljarinnar skíðasýningu þar sem kennarar í skíða- og brettaskólum á svæðunum fjórum sýna listir sínar. Alpagreinalandslið Íslands bjó um tíma í Schladming.

08.01.2007

Í dag var geggjað gaman það var þoka sem þakti bæinn alveg en efst var sól og blíða og gott færi og við vorum að gera svona beygjur 3 litlar og svo risa til hægri og 3 litlar og risa til vinstri og svo fór ég í þrautakóng með Rannveigu og Hafrúnu. GÓÐUR DAGUR.

Veðurútlit í desember var ekki gott; hlýindi í Austurríki og ekki útlit fyrir að nokkuð yrði úr þessari langþráðu ferð. En það rættist nú heldur betur úr því þegar það byrjaði að snjóa í lok desember auk þess sem starfsmenn skíðasvæðanna í Schladming og nágrenni höfðu staðið sig mjög vel í því að búa til snjó fyrir okkur. Önnur undirritaðra sat þó eitt sinn í stólalyftu við hlið roskins íbúa Schladming sem grét snjóleysið, sagði það vanalegt að undir stólalyftunni væri um 2ja metra snjóhæð en við okkur blasti gras sem jafnvel var byrjað að grænka. Nægur snjór var þó í brekkunum og veðrið alltaf með ágætum; allt frá 7 stiga frosti í 9 stiga hita. Nokkuð algengt var að vaknað var að morgni með kvíðahnút í maganum yfir þoku og rigningu en svo var þessi dásamlega sól og blíða þegar upp í fjall var komið.

Efri mynd: Bjart uppi en svarta þoka yfir dalnum.
Neðri mynd: Hádegisverður á einum af mörgum veitingastöðunum í fjallinu.

09.01.2007

Í dag var ég á öðru skíðasvæði sem heitir Hochwurzen og það var gaman og við notuðum stangir sem kostuðu 280 þúsund krónur og við vorum við hliðina á gömlum Austurríkismönnum en hinum megin ungum Argentínukrökkum sumstaðar gott færi en annars staðar þungt.

Hópurinn ásamt þjálfurum..

Kátir strákar á trikkskíðum.

Æfingar með þjálfurum fóru fram fyrir hádegi. Í Hochwurzen var okkur úthlutað æfingasvæði í lokaðri brekku og æfðum við þar með fleiri liðum. Í hádeginu hittist hópurinn, borðaði saman í einum stórum eða smærri hópum á einhverjum þeirra fjölmörgu veitingastaða sem

finnast um allt fjall. Eftir hádegi skíðuðu svo fjölskyldurnar saman. Á kvöldin borðuðum við svo á hótelinu þar sem yndisleg kona réði ríkjum og reyndist börnunum okkar mjög vel. Svo vel kunnu þau við hana að í ferðarlok gáfu þau henni forláta spiladós sem hún sagðist geyma á náttborðinu sínu. Ætlaði hún að hugsa til þeirra í hvert skipti sem hún spilaði dósina. Kvaddi hún þau líka með virktum og allir fengu hjá henni nammi. Því má segja að vel hafi farið um okkur á Hotel Neue Post þrátt fyrir að húsakostur hafi verið þröngur og gólfið í matsalnum hallað svo að súpan mátti hafa sig alla við að haldast í skálinni öðrum megin.

Þjálfarar að störfum.

Ekki var nokkur snjór í bænum.

12.01.2007

Í dag var ég á trikkskíðum og það var bara gaman. Dagurinn byrjaði ekki vel það var eiginlega Íslandsveður bara vindur svo það var ekki opið upp á topp en svo var ógeðslega gott veður og svo fór ég á fullt á stökkpöllum á trikkskíðunum með Rannveigu, Hinriki og Elínu.

Í ferðinni gafst líka tími til að leika sér. Sumir leigðu sér trikkskíði og aðrir prófuðu alla þá stökkpalla sem fyrirfundust í brekkunum með stórt bros á andlitinu. Óhætt er að segja að markmið ferðarinnar að æfa sig saman í góðum félagsskap hafi tekist með eindæmum vel.

Auður Helga Ólafsdóttir
Þórunn Pálsdóttir

Er þetta ekki stólalyfta?

01 - 9273

Þarftu betri bíl?

Þarftu stærri, nýrri, lengri eða einfaldlega betri bíl? Hjá Lýsingu bjóðum við þér sniðuga lausn til þess að eignast draumabílinn.

Þú getur nálgast bílafjármögnun Lýsingar hjá bílaumboðum, bílasölum og ráðgjöfum okkar.

Bílasamningur // Bílalán // Einkaleiga

LÝSING

LYSING.IS // 540 1500

Skíðakapparnir Sigurjón Hallgrímsson frá Ísafirði (t.v.) og Víkingur Björnsson frá Akureyri (t.h.) við heimili sitt í Geilo.Þeir stunda báðir nám við Norges Toppidrettsgymnas.

Skíðablaðið lagði nokkrar spurningar fyrir gönguskíðakappann Sigurjón Hallgrímsson sem dvelur við nám og æfingar í Geilo í Noregi. Sigurjón er sonur hjónanna Jóhönnu Einarsdóttur og Hallgríms Magnúsar Sigurjónssonar á Ísafirði. Hann er á sautjánda ári og er því á fyrsta ári í framhaldsskóla

HÉR SNÝST ALLT UM SKÍÐI

Sólrún Geirsdóttir ræðir við Sigurjón Hallgrímsson, nemanda í Norges Toppidrettsgymnas

Hvað er að frétta af þér? „Allt þetta fína. Var að koma úr skemmtilegri ferð frá Jaca á Spáni þar sem ég var á Ólympíudögum Æskunnar."

Hvað ertu að gera í Noregi og hvernig líkar þér það? „Ég er nemi við Norges Toppidrettsgymnas sem flestir skíðaunnendur á Ísafirði ættu að kannast við enda voru þeir Jakob Einar Jakobsson og Markús Þór Björnsson átrúnaðargoð margra skíðabarna, nemar við skólann auk þess sem Ólafur Th. Árnason æfði þarna úti með þeim félögum. Ég hafði fyrir löngu ákveðið að feta í fótspor þeirra og lét verða að því að sækja um inngöngu í skólann. Ég fékk engin svör í fyrstu og var alveg viss um að ég myndi byrja í MÍ um haustið sem mér þótti svo sem ekkert slæmt. Ég var reyndar ekki búinn að sækja um í MÍ og þess vegna sendi ég þjálfaranum í NTG mail til að grennslast eftir svarinu. Viku síðar fékk ég loksins svar um að ég hefði fengið inngöngu. Ég þurfti þá að sjálfsögðu að segja foreldrum mínum frá því enda höfðu þau ekki hugmynd um uppátæki mín. Pabba fannst þetta rosalega sniðugt hjá mér, þarna sá hann góða ástæðu til að geta farið til Noregs í skíðaferðalög og geta heimsótt mig í leiðinni. Mamma var ekki sú rólegasta: „hvað ætlarðu að borða?", „hver á að þvo af þér?" Þetta voru spurningar sem oft var spurt heima.

Síðan gerðist það að við hittum Jakob Einar í Kringlunni og hann sagði mér frá því að íslensk hjón í Geilo væru að leita sér að leigjendum í húsið þeirra svo að við hringdum í þau sem allt saman endaði með því að ég flutti út. Íslensku hjónin eru þau Þórunn Árnadóttir og Björn Víkingsson frá Akureyri og er sonur þeirra, Víkingur, með mér í bekk. Þau hafa alveg bjargað mér þarna úti. Ég fæ eina heita máltíð á dag hjá þeim auk þess sem Þórunn þvær af mér, heldurðu að það sé ekki næs!! Ég gæti alveg gert þetta sjálfur en maður segir ekki nei við þeirri konungsþjónustu sem maður fær. Svo að ég hef það mjög fínt hérna, alltaf nóg að gera og gaman bara."

Keppt á móti í Geilo.

Er ekkert erfitt að fara svona ungur svona langt að heiman? Saknarðu ekki „Hótel mömmu"? „Það er auðvitað erfitt að fara svona ungur að heiman en ekki þó eins og ég hélt. Ég var nú samt hinn rólegasti á flugvellinum þegar mamma og pabbi kvöddu mig. Þau ákváðu að koma ekki með þegar ég færi út þar sem þeim hafði verið bent á að best væri fyrir þau að koma út þegar ég væri búinn að koma mér fyrir. Í sannleika sagt þá kom ég mér sjálfum á óvart að vera ekkert stressaður heima fyrir síðustu dagana. Þetta var bara eins og hver önnur vika. En þegar ég kom út þá fattaði maður það að maður væri eiginlega ekki lengur litli strákurinn hennar mömmu og þá fékk maður smá heimþrá. Hérna hef ég nefnilega ekki mömmu til að vaska upp eða pabba til að skutla mér hingað og þangað þó svo að fólkið sem ég leigi hjá vilji allt fyrir mann gera. Oft kemur upp svona einstöku sinni að þegar eitthvað er í gangi heima, vinirnir með afmæli eða að taka bílpróf eða eitthvað svipað að þá langar mann heim en það líður þó oftast hjá um leið."

Hvers saknarðu annars mest? „Fjölskyldunnar, vinanna, skíðamótanna, matarins og þess háttar. Maður saknar margs heima en maður verður bara að gleyma því, annars nær maður engri festu. Það er auðvelt að gleyma sér og einnig auðvelt að láta sér leiðast og fá heimþrá."

Hvernig sækist námið? „Mér gengur framar vonum í skólanum. Krakkarnir tóku mér strax vel og þar lærði ég norskuna mjög fljótt og er bara orðinn altalandi og það hefur hjálpað mér í náminu hvað ég varð snöggur að tileinka mér norskuna. Kennararnir hrósa manni oft fyrir hvað maður er vel að sér í mörgum fögum en það má þó heyra á hreimnum að ég er íslenskur. Allavega vita allir sem ég tala við að ég er frá Íslandi. Kennararnir og þjálfararnir eru agaðir og þeir taka ekkert sérstakt tillit til þess að þú sért útlendingur og þessir kennsluhættir hafa hjálpað mér mikið. Varðandi verklega námið þá gengur það ósköp svipað. Endalausu tækni-

æfingarnar hjá Stellu og Gylfa skiluðu sér vel. Ég lá örlítið fyrir aftan Norðmennina hvað varðar þol en með þolinmæði og einbeitingu hefur mér tekist að ná í skottið á þeim. Ég er mjög ánægður með þjálfarann sem er danskur. Hann hlustar vel á alla og tekur þátt í æfingunum með okkur og er oft svona einn af strákunum."

En æfingar? Er mikill munur á æfingaaðstöðu og æfingum þarna og hér heima? Hvað æfirðu lengi á dag? Allt á skíðum, eða annars konar æfingar með? „Æfingarnar úti eru dálítið öðruvísi en maður átti að venjast heima en þó eftir tilkomu norsku þjálfarana Åshild og Øyvinds myndi ég segja að þær væru svipaðar. Í byrjun hverrar viku er fundur í skólanum fyrir hverja grein þar sem rædd er staða síðustu viku, hvernig æfingar eða mót gengu eða hvort einhver vilji setja út á síðustu viku og næsta vika líka rædd, hvað sé ætlunin að gera og atburði vikunnar, mót eða þess háttar. Eftir þessum plönum förum við síðan. Við mætum eftir því sem tíminn segir og þá útskýrir þjálfarinn okkar hvað við eigum að gera og því fylgjum við.

Margir æfa þó mismunandi en reynt er að fá alla til að vera með á intervalæfingum eða hjartaæfingum einsog þetta gæti heitið á Íslandi. Intervalæfingarnar eru til þess að stækka hjartað og auka þolið og er oft hreinasta víti að taka svona æfingar sem eru miklu erfiðari en keppni. Hvort við æfum á skíðum eða ekki fer eftir árstíðum. Á haustin er mikið um langar æfingar, mikið um hlaup og hjólaskíði en þegar líða fer að jólum þá byrja þessar hjartaæfingar fyrir alvöru og þá fer að taka í.

Til að breyta til þá fórum við tvisvar sinnum til Torsby í Svíþjóð í svokölluð skíðagöng sem er eiginlega frystir með 1,3 km langri skíðabraut. Þetta var hörkugaman og góð tilbreyting í skólalífinu. Þetta er allt innifalið í skólagjaldinu auk þess sem innifalin eru skólaföt, íþróttabúnaður og fleira á góðu verði svo þetta hjálpar manni mikið og aðstæðurnar verða þar af leiðandi betri. Geilo IL er svo klúbburinn sem ég er skráður í en til að geta keppt á norskum mótum verð ég að vera skráður í norskan klúbb. Bekkjarfélagi minn er líka í klúbbnum og hann hefur hjálpað mér mikið með mót og þess háttar."

Ertu búinn að keppa á mörgum mótum og hvernig hefur gengið? „Já, það er nóg hjá mér að gera í þeim málum. Mót á hverri einustu helgi. Í haust voru oft testmót í skólanum en um jólin byrjuðu þessi svokölluðu Noregsmót sem saman standa af þremur mótum um veturinn, tveimur bikarmótum og einu Noregsmeistaramóti. Sá sem safnar flestum stigum yfir veturinn á þessum mótum verður Noregsmeistari. Ég er í flokki 17 ára og þar eru u.þ.b. 200 manns sem segir sitt um styrkleikann í Noregi. Mér hefur verið að ganga vel á þessum heimamótum og testum en hef ekki náð nógu góðum árangri á Noregsmótunum vegna veikinda fyrir bæði mótin, en það gengur bara betur næst eins og máltækið segir. Hef þó saknað heimamótanna á Ísafirði aðeins. Landsmótið og Ólympíudagarnir voru aðalmarkmiðin hjá mér í vetur og var ég bara nokkuð sáttur eftir Ólympíudagana. Landsmótið byrjar svo 12. apríl næstkomandi og vonast ég eftir góðu gengi þar og er ætlunin að verja titilinn í boðgöngunni og ég held að við Ísfirðingar eigum mikla möguleika á því ef við verðum í formi.

Fallegur vordagur á Seljalandsdal.

Bekkjarfélagarnir í NTG.

Hvernig er skólinn? Er þetta „skíðamenntaskóli", tekur námið þar lengri tíma en í öðrum skólum? Miðast allt við skíðin? „Þetta er sem sagt NTG (Norges Toppidrettsgymnas) sem er er með deildir á fimm stöðum í Noregi og sérhæfir sig í mörgum íþróttagreinum. Skólinn sem ég er í er staðsettur í Geilo í Buskerud. NTG er einkaskóli og er því með sínar eigin reglur. Þarna miðast allt við skíðaíþróttina. Fjórar greinar eru starfræktar þarna, skíðaganga, skíðaskotfimi, alpagreinar og snjóbretti. Mikið er um keppnisferðalög út um allan heim.

Skólinn er eins og aðrir menntaskólar í Noregi þ.e.a.s tekur þrjú ár en NTG hefur bara einn mánuð í sumarfrí. Þetta er til þess að ná upp öllu sem nemendur misstu í öllum samæfingarvikunum sem haldnar eru reglulega. Á þessum samæfingavikum er bara æft og æft, hvort sem það er í Geilo eða annars staðar. Allir nemendur fá heimavinnuplön þar sem fram kemur hverju þeir eiga að skila inn af bóklegum verkefnum eftir hverja viku. Þetta er út af því að margir einstaklingar eru hingað og þangað á ferðalögum og þá er þetta svona til að halda reglu á hlutunum."

Hverjir sækja þennan skóla, eru eingöngu Norðmenn og Íslendingar þarna eða kemur fólk víðar að? „Núna sem stendur eru þrír Íslendingar hérna, Víkingur Þór Björnsson og Íris Guðmundsdóttir sem stunda alpagreinar og svo ég. Restin eru bara Norðmenn. Það hafa oft verið amerískir nemendur við skólann og danskir en það er allavega ekki núna. Meiri hlutinn af norsku krökkunum kemur úr fylkinu eða nágrannafylkjunum. En það búa um 30 Íslendingar í Geilo núna og margir Íslendingar hafa búið hér svo að fólkið er orðið vant Íslendingum."

Nú þarf maður sjálfur að sjá um heimilisstörfin.

Heimili Sigurjóns í Geilo.

Sérðu fyrir þér að vera öll menntaskólaárin þarna? Já, ég gæti vel séð það fyrir mér. Ég hef alla vega ákveðið að byrja annað árið hérna. Þegar ég kom hingað fyrst þá hafði ég bara ákveðið að kanna þetta og ekkert verið að ákveða eitt eða neitt en núna er ég mjög sáttur með þetta og gæti þess vegna búið hérna eitthvað eftir nám í NTG.

Geilo er lítill bær með smá stórbæjarívafi en hér eru tvö risastór skíðasvæði og fullt af risahótelum enda er allt vaðandi í ferðamönnum hér og þess má til gamans geta að á páskunum getur íbúafjöldinn í Geilo tífaldast. Hér er alltaf líf og ætti aldrei að þurfa að láta sér leiðast."

Er eitthvert félagslíf í skólanum eða snýst lífið eingöngu um nám og skíði? „Já, ég verð að segja það. Hér snýst allt um skíði og námið og gefst því lítill tími til skemmtana. Þó reyna þjálfararnir stundum að hafa bióferð eða keilu eða eitthvað til að hrista okkur saman. Jólaboð er líka alltaf haldið þar sem veittar eru viðurkenningar fyrir haustið og fleira. Fyrir fyrsta bekk er mikið um að vera á haustin en þá er farið í ferð til að hrista hópinn saman og kynna þeim svolítið NTG. Þessi ferð er uppá hinni víðáttumiklu Hardangervidda eða Harðangursheiðinni einsog þetta heitir á íslensku."

Hvernig býrðu? Ég bý í 50 fermetra íbúð á neðri hæðinni hjá íslensku hjónunum. Einnig búa þarna tvær „snjóbrettastelpur" í íbúðinni við hliðina. Mikill hluti af húsgögnunum var keypt áður en ég leigði íbúðina og svo komu mamma og pabbi og fylltu hana með nauðsynjavörum svo að ég er sáttur með íbúðina og líður vel í henni."

Nú ert þú nýkominn heim frá Spáni, af Ólympíudögum æskunnar. Hvernig tilfinning var að keppa á svona stóru móti, við alla þá bestu í þínum aldursflokki? Hvernig var mótið, þ.e.a.s. aðbúnaður og umgjörð, var þetta risastórt og mikið? Ég sá á bb.is að þú varst fánaberi Íslendinga, það hlýtur að hafa verið mikill heiður? Hvernig gekk ykkur Ísfirðingunum? „Já, við Íslendingarnir sem hér búum flugum til Zaragoza með millilendingu i Bergamo. Í Zaragoza hittum við síðan hina Íslendingana eftir langa bið. Þaðan keyrðum við síðan til Jaca í rútu sem var bara fyrir okkur „liðið". Þegar við komum á hótelið í Jaca fengum við föt og fleira merkt Íslandi ásamt merkjum til að skipta við aðrar þjóðir á setningunni. Síðan var bara hvílt og slappað af á hótelinu og drukkið mikið vatn þar sem keppnin fór fram í mikilli hæð og því mikilvægt að drekka vel til að koma í veg fyrir yfirfall og veikindi. Síðan fórum við þrír, ég, Stefán og Øyvind þjálfari upp á svæðið til að kanna aðstæður. Það er skemmst að segja að við vorum reknir af æfingunni fyrir að nota vitlausan búnað. Hvergi stóð á neinum plönum hvaða útbúnað ætti að nota þannig að þetta kom okkur á óvart. Síðan var setning um kvöldið og ég var valinn til að vera fánaberi. Ég var stressaður að fljúga á hausinn á setningunni en sem betur fer gerðist það ekki. Síðan kepptum við daginn eftir og okkur gekk bara vel en við fundum það vel hvað það var erfitt að keppa í svona mikilli hæð. Maður varð svona andstyttri og fékk fljótt mjólkursýru. Síðan var bara beðið eftir næstu keppni sem einnig gekk vel. Það var rosalegt fjör í bænum síðasta kvöldið og skemmtu margir sér vel og spjölluðum við Stefán þá við sigurvegara göngunnar og fleiri og var það mjög áhugavert.

Þetta er ferð sem ég mun aldrei gleyma og verður stór punktur í lífi okkar krakkanna. Gríðalega margir keppendur, áhorfendur, mótstjórnendur, sjálfboðaliðar og liðstjórar og fleira. Umgjörð leikanna var glæsileg og það var rosalega gaman að sjá allt þetta og fylgja þessu eftir. Manni leið eins og stjörnu bara. Þó get ég sett aðeins útá skipulagninguna en uppi á göngusvæði var lítið tillit tekið til litlu þjóðanna en stóru þjóðirnar dekraðar og þess háttar. Allt í allt var þetta frábær ferð og það var frábært að fara aftur í keppnisferðalög með Stefáni og Øyvind."

Hvernig er dæmigerður dagur í lífi Sigurjóns Hallgrímssonar í Geilo? „Skólinn byrjar kl. 7:45 þannig að maður þarf að vakna kl. 6:45 og hafa sig til fyrir daginn. Síðan hjóla ég oftast í skólann en það tekur u.þ.b. 10 mín. Skólinn er síðan búinn kl. 10:30, já stuttur skóli... en mikil heimavinna og verkefnaskil. Æfingarnar byrja síðan kl. 13:00 og eru mismunandi langar. Oftast eru síðan styrktaræfingar þar rétt á eftir og þá er allt saman búið um kl. 16:00. Þá fer ég heim í sturtu og leggst í lærdóminn þangað til kvöldmaturinn byrjar. Síðan eftir mat kíki ég stundum út til vina eða eitthvað og fer svo oftast að sofa um kl. 22:30.

Skíðablaðið þakkar greinargóð og stemmtileg svör við spurningum þessum og óskar Sigurjóni alls hins besta í námi og keppni. Það er ljóst að hugur er í þessum unga manni og Ísfirðingar mega vera stoltir af því að eiga slíkan fulltrúa á erlendri grundu.

SPÝTAN ehf.
Öll almenn trésmíði
Sími 894 7528

ÞRISTUR ORMSSON
Hafnarstræti 12 · Ísafirði · Sími 456-4751

Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf.
V/Hnífsdalsbryggju • 410 Hnífsdal
Sími 450 4600 • Fax 456 3624 • Netfang: frosti.is

Hjalti Karlsson:

LOKAÐ Í PARADÍS!

Fyrr í vetur var nokkuð ritað og mikið rætt um rekstur skíðasvæðis okkar Ísfirðinga. Umræða þessi kom í kjölfar ákvörðunar bæjaryfirvalda þess efnis að opna ekki skíðasvæðið fyrir áramót, óháð snjóalögum. Í tengslum við þessar fréttir hef ég orðið vitni að umræðum fólks sem finnst furðu sæta að „bærinn" geti mokað peningum í uppbyggingu þessa skíðasvæðis og meira að segja líka látið óátalið að skíðamenn moki til heilu fjallshlíðunum í Tungudal, í trássi við allt og alla. Ofan í kaupið kosti rekstur svæðisins stórfé, heilar 26.7 milljónir á ári, er haft eftir forráðamönnum Ísafjarðarbæjar. Skal engan að undra að einhverjum svíði hvernig farið er með útsvarið! Sem skíðamaður og áhugamaður um uppbyggingu skíðasvæðanna í Tungudal og Seljalandsdal langar mig til að koma nokkrum atriðum á framfæri sem varpa vonandi nokkru ljósi á áðurnefnd atriði, en einnig kasta fram hugleiðingum og spurningum um uppbyggingu og rekstur íþróttamannvirkja almennt.

Mannvirki

Skíðasvæðið á Seljalandsdal var á sínum tíma byggt upp og rekið af eldhugum sem létu sér fátt fyrir brjósti brenna. Ráku þeir skíðasvæðið í nafni Lyftunefndar frá árinu 1967 allt þar til mannvirki og búnaður var færður Ísafjarðarbæ að gjöf um 1980. Lyfturnar á Seljalandsdal voru þrjár þegar þær eyðilögðust í snjóflóðinu hörmulega 1994, en Ísafjarðarbær hafði reist þá þriðju með miklu framlagi sjálfboðaliða. Tryggingabætur fengust meira og minna fyrir öll mannvirki sem voru á svæðinu og hafa þær að mestu leyti staðið undir þeirri uppbyggingu sem farið hefur fram. Barnalyftan svokallaða ásamt Sandfellslyftu og troðarageymsla voru reistar fyrir tryggingafé. Sama á við um skíðaskálann glæsilega, en hann er eign Foreldrafélags Skíðafélagsins, sem átt hafði og endurbyggt Harðarskálann sáluga á Seljalandsdal og fengið bættann eftir flóð. Þriðju lyftuna kostaði bærinn að mestu sjálfur, sem er í sjálfu sér í takt við það sem gert var á Seljalandsdal áður. Gönguskíðaskálann á Seljalandsdal endurbyggðu göngumenn Skíðafélagsins af dugnaði úr aflögðum kennsluskúr Grunnskólanns sem bærinn lagði til. Undanfarin ár hefur ríkisvaldið stutt dyggilega uppbyggingu svæðisins með framlögum úr ríkissjóði. Hafa tugir milljóna fengist til verksins í gegn um Skíðafélagið og er ég ekki grunlaus um að Jóhann K. Torfason hafi verið þar í fararbroddi, ásamt vestfirskum þingmönnum. Semsagt bróðurpartur uppbyggingar mannvirkja hefur verið kostaður af tryggingafé sem Ísafjarðarbær fékk fyrir mannvirki sem þau fengu að gjöf, ásamt fjármagni úr ríkissjóði. Ekki fyrir útsvar bæjarbúa.



„Það er í eðli sínu munaður að eiga og reka íþóttamannvirki, hvaða nöfnum sem þau nefnast og tæpast eðlilegt að gera til þeirra stífar arðsemiskröfur."

Jarðrask og ljós

Undanfarin tvö sumur hafa staðið yfir miklar framkvæmdir í brekkum Tungudals og á Seljalandsdal. Brautir hafa verið mótaðar, sléttaðar og grjóthreinsaðar, hryggir myndaðir og snjógirðingar reistar til að fanga snjó og lýsingu komið fyrir. Þegar hefur verið sáð í göngubrautir og sáning fyrirhuguð næsta sumar í svigbakka. Vegslóðar hafa verið lagðir með lyftum til að auðvelda viðhald og lækir brúaðir í göngubrautum. Allt eru þetta aðgerðir til að auka rekstraröryggi á svæðinu og minnka tjón á dýrum snjótroðurum. Þess má geta í framhjáhlaupi að áhugahópur um skíðasvæðið færði bænum annan þeirra að gjöf hér um árið. Jarðvinna sú sem hér hefur verið tíunduð er varanleg aðgerð sem ásamt snjógirðingum lengir notkunartíma svæðanna. Ef ekki hefði verið lagt í þessa vinnu væri enn nokkuð í land með að nægur snjór væri kominn í brautir. Margir hafa sopið hveljur yfir þessu brambolti öllu. Líkt jarðraskinu við Leirufjarðarskandal, því ekkert leyfi hafi fengist fyrir þessu, fjargviðrast yfir stofnkostnaði og meintum miklum rekstrarkostnaði lýsingar. Sannleikurinn er hinsvegar sá að íþrótta- og tómstundanefnd Ísafjarðarbæjar samþykkti jarðvinnuna þann 16/6 2005, ljósabúnaðinn sjálfan lagði Skíðafélagið til ásamt einstaklingum og u.þ.b. 1.300 kr./klst. kostar að hafa kveikt á ljósunum sem reist voru í sumar. Ekki er óvarlegt að áætla að kveikt verði á ljósunum u.þ.b. 1 klst. að meðaltali á hverjum opnunardegi. Félagar í Skíðafélaginu settu einnig upp talsverðan hluta ljósanna á Seljalandsdal og Tungudal í sjálfboðavinnu.

Rekstur

Undirritaður hefur harla lítið vit á bókhaldi eða rekstri yfirleitt. Hefur tæpast yfirsýn yfir heimilisbókhaldið satt að segja. Því varð ég nokkuð langleitur þegar mér varð ljóst að af áðurnefndum 26.7 milljónum sem það kostar, samkvæmt bæjaryfirvöldum, að reka skíðasvæðin í Tungu- og Seljalandsdal, fara tæplega 11 milljónir til Eignasjóðs Ísafjarðarbæjar í s.k. innri leigu og afskriftir á svæðinu! Um það bil sama upphæð fer í laun, þar sem innifalin eru laun svæðisstjóra og annara starfsmanna sem aðallega koma frá áhaldahúsi Ísafjarðarbæjar. Nú veit undirritaður ekki hvernig svæðið er verðmetið, né hve hratt getur talist eðlilegt að afskrifa mannvirki af þessu tagi. En hitt veit ég, að tæpar þrjár milljónir í leigu og afskriftir á mánuði í þá mánuði sem hægt er, eða má hafa opið að jafnaði er skrambi há tala. Hefði ég gjarnan vilja að forráðamenn bæjarins hefðu látið þessa staðreynd fljóta með til upplýsingar fyrir útsvarsgreiðandi bæjarbúa. Mér, í það minnsta, hefði verið rórra ef ég hefði vitað nánari deili á upphæðinni.

„Eruð þið að fara á hausinn?"

Ekki er laust við að ég hafi hálfpartinn farið hjá mér þegar fólk í öðrum landshlutum spurði hvað væri eiginlega á seyði á Ísafirði. „Eruð þið að fara hausinn?" „Var ykkur sýnt rauða spjaldið?" „Við rembumst við að framleiða snjó með tugmilljóna græjum og svo hafið þið bara lokað!!?" Ég hef spurt mig að því hvort skíðasvæðið hefði ekki verið opnað á kostnað bæjarins ef sveitarstjórnarkosningar hefðu verið í nánd. Þá hefði

mönnum verið annt um ímynd bæjarfélagsins og metið það sem svo að sparnaðurinn væri ekki nægilegur á móti beinu og óbeinu tapi vegna brostinnar ímyndar. Ég hefði verið sammála frambjóðendum! En nú er kosningasviminn að baki og við blasir blákaldur veruleikinn. Fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar kemur sjálfsagt eins og blaut tuska í andlit okkar. Hefðbundinn tími kosningasvika fer líklega að renna upp og við verðum bara að taka því eins og hverju öðru hundsbiti. Allir stigu kosningadansinn, kjósendur jafnt sem frambjóðendur. Það er í eðli sínu munaður að eiga og reka íþóttamannvirki, hvaða nöfnum sem þau nefnast og tæpast eðlilegt að gera til þeirra stífar arðsemiskröfur. Sum eru nauðsynleg vegna lögbundinnar þjónustu við nemendur skólanna, önnur ekki. Nauðsynlegt er því að vega og meta hvað bæjarfélagið skal bjóða upp á og bera saman kostnað og nýtingu. Gera fáa hluti vel, sleppa öðru. Er eðlilegt að reka fimm íþróttahús, fjórar sundlaugar, bæta við fimmtu sundlauginni, loka eina skíðasvæðinu? Allt spurningar sem eiga rétt á sér.

Skíðasvæðið í Tungudal. (Ljósm. Halldór Sveinbjörnsson)

Að lokum

Það er kátt á hjalla í dölunum tveimur. Búið að opna skíðasvæðið, nægur snjór (þökk sé snjógirðingum og jarðvinnu) og allir vonandi glaðir, bæði starfsmenn og íbúar bæjarinns. Skíðafélagið gerði bæjaryfirvöldum rausnarlegt tilboð sem var tekið og skíðasvæðið því opnað. Bæjarfélag eins og Ísafjarðarbær getur og á að reka skíðasvæði þó rekstrarformið sem slíkt sé ekki heilagt. Sammælast þarf um þjónustustig, opnunartíma, raunhæfar kostnaðaráætlanir. Í sameiningu, eins og áður, þurfa svo skíðamenn og Ísafjarðarbær að ljúka uppbyggingu svæðisins á næstu árum. Um ýmsa hluti er hægt að semja... en ekki að hafa skíðasvæði lokað þegar snjór er til staðar.

Verslun Bjarna Eiríkssonar
Sími: 456 7300

Pípulagningaþjónusta Bolungarvíkur
Sími: 456 7493 / 893 4063

RAFSJÁ
Sími: 456 7326 / 892 5959

JAKOB VALGEIR ehf.
Grundarstíg 5 • 415 Bolungarvík
Sími: 456 7584 • Fax: 456 7074
Netfang: jakobvalgeir@simnet.is

Bakkavík hf.
Rekavík hf.
Sími: 450 7500

Freydís sf.
- ferðaþjónusta-
Sími: 893 6926

Bensínstöðin Ísafirði
Opið frá kl. 7:30 til 23:30 virka daga.
Laugardaga kl. 09:00 til 23:30
Sunnudaga kl. 10:00 til 23:30
Sjálfsali eftir lokun
SAMLOKUR • ÍS • VEIÐIVÖRUR
GRILL • KOL OG MARGT ANNAÐ
Bensínstöðin Ísafirði, sími 456 3574



Þjálfarar Skíðafélags Ísfirðinga

Viðtal við Stellu

Tekið af
Elísabetu Gígju
Steingrímsdóttur

Hvað heitir þú? Stella Hjaltadóttir.
Hvað ert þú gömul? 39 ára.
Hvað varst þú gömul þegar þú byrjaðir að æfa gönguskíði og hvað ert þú búin að æfa gönguskíði lengi? Ég var 14 ára og er búin að æfa síðan með hléum.
Finnst þér gaman á gönguskíðum? Já! Það er eitt af því skemmtilegasta sem ég geri.
Af hverju byrjaðir þú að æfa gönguskíði? Ég kynntist íþróttinni í gegnum vinkonu mína, en systir hennar æfði skíðagöngu, mér fannst skíðaganga höfða vel til mín.
Hver eru önnur áhugamál þín? Almenn heilsa, tónlist og öll útivist .
Hvernig gekk þér í Vasagöngunni? Það gekk vel framan af en ég neyddist til að hætta eftir 70 km vegna krankleika. Gengur bara betur næst!
Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Að þjálfa lífsglaða og jákvæða krakka. Eins og skíðagönguliið SFÍ.
Hvað fékk þig til að verða skíðaþjálfari? Það var áhugi á að vinna með börnum og unglingum og að miðla þekkingu og reynslu.
Hvaða flokka ert þú að þjálfa á gönguskíðum? Ég er að þjálfa 8 ára og yngri og 9-12 ára.
Hefur þú tekið þátt í mörgum mótum/keppnum? Hef ekki tölu á þeim.
Er einhver ganga sem þér finnst skemmtilegust? Hver er hún? Mér finnst sérstaklega gaman að taka þátt í Fossavatnsgöngunni, en hún verður haldin 28. apríl nk.

Viðtal við Ólöfu Önnu

Tekið af
Gísla Jörgen
og Jóni Ómari

Hvað heitirðu fullu nafni? Ólöf Anna Benediktsdóttir.
Hvað ert þú gömul? 17 ára.
Hvenær lærðir þú á skíði? Ætli ég hafi ekki verið svona 3ja ára.
Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Bara að vera á skíðum, það er svo skemmtilegt.
Hefur þú farið á Andrésar andarleikana? Já.
Fannst þér gaman á Andrésleikunum? Já.
Finnst þér gaman að kenna á skíði? Já, mjög.
Hefur þú prófað snjóbretti og hvernig gekk það? Já, það gekk bara ágætlega.
Hvaða tegund eru skíðin þín? Rossignol.

Viðtal við Fanney

Tekið af
Sigurði Bjarna
Benediktssyni

Fullt nafn: Fanney Pálsdóttir.
Aldur: 33 ára.
Hvað hefur þú þjálfað lengi? Ég byrjaði 19 ára.
Fékkstu verðlaun á Andrés? Já, fyrstu verðlaun þegar ég var 8 ára og marga peninga. En það er ekki það sem skiptir máli, aðalatriðið er að vera með en ekki að fá verðlaunapening.
Hvenær byrjaði þú að æfa skíði? 6 eða 7 ára.
Var gaman að æfa skíði? Já, en ég var feimin.
Kynntistu mörgum skíðakrökkum í ferðalögum? Ég kynntist ekki mörgum því ég var svo feimin.
Ætlaðir þú alltaf að verða skíðaþjálfari? Nei, það bara þróaðist þannig.

Viðtal við Atla Frey

Tekið af
Magðalenu Jónasdóttur

Hvað heitirðu? Atli Freyr Rúnarsson.
Hver er uppáhaldshljómsveitin þín? Hljómsveitin Muse.
Áttu barn? Já, stelpu sem heitir Solveig Amalía.
Áttu konu? Já.
Hvað heitir konan þín? Elísabet Samúelsdóttir.
Hvaða liði heldurðu með í ensku? Tottenham enda lang flottastir.
Hvað eru gamall? Er að verða 28 ára.
Er gaman að kenna á skíði? Mjög skemmtilegt enda bara skemmtilegir krakkar að æfa.
Hvað varstu gamall þegar þú byrjaðir á skíðum? Hef sennilega verið 4 ára.

Tekið af
Halldóru Jónasdóttur

Viðtal við Kidda

Hvað heitir þú fullu nafni? Kristján Gunnar Flosason.
Hvað ertu gamall? 36 ára.
Hefurðu prófað snjóbretti? Nei.
Hvað hefurðu keppt oft á Andrésar andarleikunum? Fimm sinnum.
Æfðir þú einhverja íþrótt þegar þú varst lítill? Já, fótbolta og skíði.
Hvað er uppáhalds skíðategundin þín? Atomic.
Afhverju skíði? Það er bara svo gaman að vera úti og svífa um fjöllin.
Finnst þér hópurinn sem þú þjálfar vera skemmtilegur? Hann er geðveikt skemmtilegur.
Hvort finnst þér svig eða stórsvig skemmtilegra? Ætli það sé ekki svig.
Áttu einhverja bikara fyrir að keppa á skíðum? Já, nokkra.

Tekið af
Örnu Kristbjörnsdóttur

Viðtal við Kristínu

Hvað heitirðu? Ég heiti Kristín Ólafsdóttir.
Hvað ertu gömul? Ég er 20 ára, verð 21 árs í september.
Við hvað vinnurðu? Ég vinn hjá Svæðisskrifstofu fatlaðra.
Hver er uppáhalds maturinn þinn? Kjúklingur er í uppáhaldi.
Hver er uppáhalds bíómyndin þín? Stella í orlofi er mín uppáhalds bíómynd.
Hvaða mánuður finnst þér skemmtilegastur? Af hverju? Páskamánuðurinn er skemmtilegastur, þá koma flestir heim, Skíðavikan og Aldrei fór ég suður.
Hver er uppáhalds skíðategundin þín? Madshus.
Hver er uppáhalds skíðamaðurinn þinn? Björn Dæhlie.
Hvað ætlarðu að verða í framtíðinni? Ég er ekki alveg búin að ákveða mig, enda nóg í boði. Ég stefni á að verða mark**aðsfræðingur.**
Finnst þér gaman að þjálfa krakkana á Ísafirði? Mér finnst það frábært.
Geturðu lýst skíðahópnum í þremur orðum? Hressir, duglegir og jákvæðir krakkar.
Hvað finnst þér skemmtilegast að gera? Mér finnst mjög skemmtilegt að hitta vini mína.
Hvað finnst þér leiðinlegast að gera? Mér finnst mjög leiðinlegt að taka úr þvottavélinni.
Eitthvað að lokum? Góða skemmtun á skíðavikunni.

Tekið af
Maríu
Halldórsdóttur

Viðtal við Åshild

Hvað heitirðu? Åshild Høva Sporsheim.
Hvað ertu gömul? 26 ára.
Hvaðan ertu? Lillehammer og Dombås í Noregi.
Hvað varstu gömul þegar þú byrjaðir að æfa gönguskíði? Ég fór í fyrsta sinn á gönguskíði þegar ég var eins árs en held að ég hafi verið 11 ára þegar ég byrjaði að æfa skíði. Heima fórum við fjölskyldan samt alltaf á skíði um helgar þegar ég var lítil og ég lék mér alltaf mikið á skíðunum.
Hvaða tegund af skíðum áttu? Madshus en ég er samt med eitt par af Fischer skíðum.
Hver er besti árangur þinn á gönguskíðum? Eg var nr. 14 á NM og nr. 1 í skíðaskotfimi á NM.
Hver er uppáhalds skíðamaðurinn þinn? Núna er það Ole Einar Bjørndalen en þegar ég var yngri þá var það Thomas Alsgaard.
Eftirminnilegt atvik á skíðunum? Það var mjög gaman að keppa þegar ég var svona 14-18 ára. Allir krakkarnir þekktust mjög vel og við gerðum margt skemmtilegt saman, lituðum t.d. á okkur hárið og fleira slíkt. En það var líka eftirminnilegt og gaman þegar ég varð nr. 1 i NM.
Finnst þér gaman að þjálfa íslensku krakkana? Já, mjög gaman. Og ég vona að þeim þyki líka gaman.
Hvaða aldurshópa ertu að þjálfa? Frá 8 til 23 ára.
Finnst þér aðstaða á skíðasvæðinu hér á Ísafirði vera frábrugðin því sem er í Noregi? Já, hér er bara ein braut en í Dombås og Lillehammer eru margar brautir. Þar getur maður farið langar leiðir upp i fjöllin. En keppnisbrautirnar eru ekki ósvipaðar. Hér sérðu líka yfirleitt alla brautina en í Noregi skyggir skógurinn oft á. Og svo er ekki svona mikill vindur í Noregi sem þýðir að við getum nánast farið á skíði hvernær sem er því vindurinn eyðileggur ekki sporin.
Hvað finnst þér skrýtnast við Íslands? Hmmm, ef ég á að nefna skíðin, þá eru það keppnisbrautirnar. Í Noregi veistu alltaf hvar á að starta, hérna verður maður að vera viðbúinn öllu. Svo eru það hins vegar vegirnir, þeir eru ekki nógu góðir og öryggi þeirra mjög ábótavant.
Eitthvað að lokum? Dvöl mín hér á Ísafirði er búin að vera mjög skemmtileg og mér finnst Ísland mjög sérstakt og fallegt land. Náttúran er fjölbreytt og margt að sjá. Svo er fólkið hér mjög vingjarnlegt!

Hermann Níelsson, íþróttakennari við MÍ:

AFREKSÍÞRÓTTABRAUT VIÐ MENNTASKÓLANN Á ÍSAFIRÐI

Samkvæmt kennsluáætlun afreksíþróttabrautar MÍ og almanaki haustannar 2006 sóttu 30 nemendur þrjár 60 mínútna æfingar á viku utan stundatöflu skólans á morgnana.

Fyrirkomulag á haustönn

Fyrstu tvær æfingarnar á viku var unnið með eftirfarandi þætti: þol, þrek, liðleika, samhæfingu hreyfinga, hraða og snerpu. Einnig var farið í fjölbreytta leiki. Á þriðju æfingu vikunnar var eingöngu unnið með tækni íþróttagreina sem þjálfarar íþróttafélaganna í Ísafjarðarbæ stjórnuðu.

Á miðju tímabili, þ.e. 10. október, breyttist áætlunin í eina sameiginlega æfingu fyrir grunnþjálfun líffræðilegra þátta með vaxandi álagi og tvær æfingar á viku í tækniþjálfun sérgreinar með áherslu á einstaklingsþjálfun.

Nemendur tóku ýmis test og afkastapróf í samvinnu við kennara frá ÍAK, Íþróttaakademíunni í Reykjanesbæ. Borinn var saman árangur nemenda í FS á sömu prófum og var meðaltalsárangur svipaður milli nemenda skólanna. Niðurstöðurnar voru nýttar til áherslubreytingar í þjálfun nemenda MÍ.

Sameiginlegur fræðslufundur var haldinn með nemendum og m.a. leitað svara við spurningunni: Hvað þarf til þess að verða afreksmaður í íþróttum? Rætt var um „Boðorðin 9" sem eru góð ráð til íþróttamanna sem undirritaður tók saman, ásamt fyrirhuguðu veggspjaldi til kynningar á nemendum afreksbrautar sem varð að veruleika. Þar kemur eftirminnilega fram hverjir stunda nám á brautinni og hvaða þjálfarar koma við sögu. Hvoru tveggja eru dæmi um sálræna og félagslega áhrifaþætti sem tengjast þjálfun og skipta miklu máli fyrir sjálfstraust hvers einstaklings, samstöðu innan hópsins og trúna á það sem verið er að gera.

Fyrirkomulag á vorönn

Á vorönn 2007 breyttust áherslur í þjálfun og æfingatímarnir urðu kl. 07:45 tvo morgna í viku og kl. 14:00 á föstudögum. Stjórnendur skólans reyndu að koma æfingunum inn í stundatöflu án þess að valda árekstri við aðrar greinar hjá nemendum afreksíþróttabrautar en því miður reyndist það ekki hægt um áramót á miðjum vetri. Það er algjör forsenda fyrir þróun brautarinnar í framtíðinni að slíkt verði að veruleika haustið 2007.

Reikna má með að fyrirkomulag kennslunnar hafi verið einskonar tilraunaverkefni enda er hér um brautryðjendastarf að ræða. Þegar kennslulýkur í vor verður lagst í þróunarvinnu og endurbætt prógramm síðan kynnt nemendum í haust en margt hefur þegar komið í ljós sem betur má fara.

Lokaorð

Nemendur MÍ fá nú tækifæri til að stunda keppnisíþrótt sína á skólatíma og dugnað sinn og hæfni metna til tveggja eininga á önn til stúdentsprófs. Fyrirkomulag afreksíþróttabrautar MÍ er heimatilbúin útfærsla sem gæti hentað litlum framhaldsskólum en er sérstaklega hönnuð með tilliti til aðstæðna í nágrenni Menntaskólans á Ísafirði. Byggt er á samstarfi við þjálfara íþróttafélaganna og hefur það samstarf alla burði til að þróast, styrkja íþróttafélögin og bæta árangur og afrek íþróttaæskunnar. Afreksbrautin mun vafalaust stuðla að því að hið unga afreksíþróttafólk okkar dvelji lengur í heimabyggð því við eigum að geta búið þeim jafngóðar aðstæður og best gerist annars staðar. Samstarfið við Íþróttaakademíuna í Reykjanesbæ er í því tilliti mjög mikils virði.

Undirritaður hefur af mikilli ánægju fylgst með framförum nemenda íþróttaafreksbrautarinnar en besti mælikvarðinn er þó sú tilfinning og tiltrú nemendanna á því að við séum á réttri leið. Þau hafa troðið slóðina fyrir þá sem á eftir munu koma og bera að hluta til ábyrgð á því hvernig til hefur tekist. Stöndum saman um þetta fjöregg íþróttanna á norðanverðum Vestfjörðum.

Með íþróttakveðju, - Hermann Níelsson
umsjónarmaður afreksíþróttabrautar MÍ